

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 8. mars 2023

Mál nr. E-3326/2021:

**A**

(*Gunnar Egill Egilsson lögmaður*)

**gegn**

**íslenska ríkinu**

(*Guðrún Sesselja Arnardóttir lögmaður*)

## Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 9. febrúar 2023, höfðaði A, [...], með stefnu birtri 21. júní 2021, á hendur íslenska ríkinu, Arnarhvoli, Reykjavík, til heimtu skaðabóta.
- Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða honum miska-bætur að fjárhæð 15.000.000 króna, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. nóvember 2011 til 25. júlí 2021 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðslu-dags. Enn fremur er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 27.879.000 krónur vegna fjártjóns, sem stefnandi hafi hlotið af því að vera gert að sæta réttarstöðu sakbornings í sakamálarannsókn í máli nr. [...] og saksókn í kjölfarið í héraðsdómsmáli nr. S [...] og Landsréttarmáli nr. [...], með dráttarvöxtum frá 25. júlí 2021 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
- Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

## Málsatvik

- Stefnandi hóf að eigin sögn störf í [...] X hf. [...] 2006 og starfaði þar með námi. Eftir að hann lauk meistaraþrófi í [...] 2007 var hann fastráðinn hjá X sjóðum hf. Þann [...] 2007 var stefnandi ráðinn til starfa í deild [...] X hf., en lét af störfum í þeirri deild þann [...] 2007. Færðist hann þá yfir í [...] bankans og starfaði þar uns honum var sagt upp störfum í bankanum þann [...] 2008. Hætti hann þegar í stað

- störfum þann dag og hefur ekki starfað hjá X hf. síðan.
- 5 Stefnandi, sem hefur BA-gráðu í hagfræði [...] og M.Sc.-gráðu í fjárfestingastjórnun frá [...] hóf meistaranám við viðskiptaháskólann [...] og útskrifaðist þaðan með MBA-gráðu í árslok [...]. Þann [...] hóf hann störf hjá [...]ráðuneytinu og starfaði þar til [...]. Degi síðar, [...] sama mánaðar, hóf hann störf sem [...], þar sem hann starfar í dag.
  - 6 Þann [...] 2011 var stefnandi kallaður til skýrslutöku hjá embætti sérstaks saksóknara. Tilefni skýrslutökunnar var rannsókn embættisins á meintri markaðsmisnotkun fyrrum starfsmanna X hf. og hafði stefnandi réttarstöðu sakbornings í málinu. Stefnandi var á ný boðaður til skýrslutöku tæpum tveimur árum síðar, eða þann [...] 2013.
  - 7 Verjandi stefnanda sendi embætti sérstaks saksóknara beiðni um afléttingu á réttarstöðu stefnanda sem sakbornings, dags. 18. maí 2015, þar sem sagði meðal annars: *Sá langi dráttur sem orðið hefur á málsmeðferðartíma ofangreinds máls umbjóðanda míns hjá embætti SS hlýtur að skýrast af því að skýrslutökur af honum hafi leitt í ljós óverulega stöðu hans innan [...] og því hafi hann með engu móti geta talist tengjast meintri refsiverðri háttsemi sem honum er gefið að sök í ákæru (sic) FME. Þá hefur það verið umbjóðanda mínum verulega þungbært að liggja undir rannsókn málsins í svo langan tíma sem raun ber vitni. Umbjóðandi minn hefur aðeins verið samvinnufús við rannsókn máls þessa og skýrt hreinskilnislega frá sjónarmiðum sínum og staðreyndum eins og þær snúa að honum. Þessu erindi mun ekki hafa verið svarað.*
  - 8 Ákæra á hendur stefnanda og fleirum var gefin út [...] og birt fyrir stefnanda 8. sama mánaðar. Með ákærunni var mál höfðað á hendur fyrrverandi bankastjóra X hf., framkvæmdastjóra markaðsviðskipta og þremur fyrrverandi starfsmönnum deildar [...] bankans, þeirra á meðal stefnanda, alls fimm einstaklingum. Samkvæmt I. kafla ákærunnar var þeim gefið að sök að *hafa í sameiningu stundað markaðsmisnotkun, með hlutabréf útgefin af bankanum sjálfum, á tímabilinu frá og með [...] 2007 til og með [...] 2008, samtals 331 viðskiptadag.*
  - 9 Hinni meintu refsiverðu háttsemi var nánar lýst í ákærunni þar sem nettó viðskipti með eigin bréf X hf. voru meðal annars brotin niður á viðskiptadaga. Mátti meðal annars ráða af ákærunni að stefnandi hefði átt viðskipti í 28 daga af alls 331 degi á ákærutímabilinu og að viðskipti stefnanda hefðu átt sér stað á tímabilinu [...] 2007

- til [...] 2007. Hann hefði hins vegar engin viðskipti átt eftir það.
- 10 Stefnandi heldur því fram að hvorki í ákæru né í rannsóknargögnum hafi verið unnt að finna því stöð að hann hefði stundað þá háttsemi sem lýst var í ákærinni. Við nánari skoðun hafi þó mátt finna einn dag þar sem stefnandi hafi staðið að verulegu magni kaupa á eigin bréfum X hf. fyrir hönd deildar [...] bankans, þ.e. [...] 2007. Gekk stefnandi að eigin sögn út frá því að aðkoma hans að sakamálinu gæti aðeins tengst meintum brotum þann dag. Hann hafi þar af leiðandi aflað gagna úr rannsóknargögnum sem skýrðu afstöðu hans til athafna sinna og aðgerða þann dag, auk þess sem málsvörn hans í héraði hafi fyrst og síðast miðað að huglægri afstöðu hans til markaðsaðstæðna þennan tiltekna dag og athafnir hans settar í samhengi við samtímagögn.
  - 11 Sakamálið var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann [...] 2016. Aðalmeðferð hófst með skýrslutökum [...] 2018, sem stóðu yfir til og með [...] sama mánaðar. Að loknum skýrslutökum fór fram munnlegur málflutningur [...] [...] sama ár og var málið dómtekið í kjölfar þess.
  - 12 Þann [...] 2018 var kveðinn upp dómur í málinu og voru allir ákærðu sakfelldir. Í forsendum fyrir niðurstöðu sinni um þátt fyrrum starfsmanna [...] X hf., þ.á m. stefnanda, sagði meðal annars: *Í kaflanum hér að framan var rakinn framburður ákærðu fyrir dómi. Ákærðu Z, P og A könnuðust við að hafa sett inn kaup- og sölutilboð, eins og rakið var, en báru fyrir sig að það hefði verið eðlilegur hluti af starfsemi [...] að stunda virk viðskipti með eigin bréf. Það er niðurstaða dómsins að ákærðu hafi hlotið að vera ljóst að kaup þeirra og sala á hlutabréfum í bankanum, þó einkum umfangsmikil kaup, endurspegluðu ekki stöðu hins raunverulega markaðar og voru til þess fallin að hafa áhrif á verðmyndun hlutabréfa í bankanum. Breytir engu um sök ákærðu þótt þeir hafi gengið inn í verklag sem mun hafa tíðkast hjá bankanum áður en þeir hófu störf í [...]. Hér að framan voru rakin þau ákvæði 117. gr. laga nr. 108/2007 sem ákærðu eru ákærðir fyrir að hafa brotið. Þessi ákvæði eru skýr hvað ákæruatriðin varðar og er því hafnað þeirri málsvörn ákærðu að um óskýra refsheimild sé að ræða eða að ófyrirsjáanlegt hafi verið að athafnir þeirra væru refsiverðar.*
  - 13 Í dóminum sagði jafnframt: *Með vísun til þess sem nú hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins að ákærðu hafi í sameiningu stundað markaðsmisnotkun eins og þeim er gefin að sök í I. kafla ákæru. Markaðsmisnotkunina framkvæmdu ákærðu Z,*

*Þ og A sem starfsmenn [...] að undirlagi ákærðu Y og Æ. Með orðasambandinu „að undirlagi“ er átt við að eitthvað sé gert að ráði eða frumkvæði annars, og þannig hefur þetta orðasamband verið túlkað í sambærilegum málum. Breytir engu um sök ákærðu allra þótt þeir hafi gengið inn í verklag sem mun hafa tíðkast hjá bankanum um nokkurn tíma áður en ákærði Y hóf þar störf og ákærði Æ tók við forstöðu á sviði markaðsviðskipta bankans. Samkvæmt þessu verða ákærðu sakfelldir fyrir það sem þeim er gefið að sök í I. kafla ákæru og hafa þeir með því brotið gegn a-lið 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr. laga nr. 108/2007.*

- 14 Stefnandi og fyrrum yfirmaður markaðsviðskipta áfrýjuðu dóminum til Landsréttar fyrir sitt leyti, en aðrir ekki. Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu sömuleiðis fyrir hönd ákæruvaldsins. Við meðferð málsins fyrir Landsrétti leitaðist stefnandi, að eigin sögn, áfram við að skýra aðgerðir sínar þennan eina markaðsdag, [...] 2007. Sókn saksóknara miðaðist sömuleiðis aðeins við þann dag, eftir því sem stefnandi segir. Að sögn stefnanda spurði dómsformaður í Landsrétti saksóknara við upphaf aðalmeðferðar fyrir Landsrétti hvort hann féllist á lýsingu stefnanda á starfstímabili stefnanda hjá eigin viðskiptum. Hafi sækjandinn svarað því játandi.
- 15 Þann [...] 2019 kvað Landsréttur upp dóm í málinu nr. [...] og sýknaði stefnanda að öllu leyti af sök í málinu. Um þátt stefnanda sagði í dómi Landsréttar: *Ákærði A hefur bæði í yfirheyrslum hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi hafnað því að hafa stundað formlega eða óformlega viðskiptavakt með hlutabréf í X hf. Hafi slík viðskiptavakt verið rekin innan bankans hafi hann enga þekkingu haft á henni. Hann hafi aðeins starfað í skamman tíma í deild [...] og enga þekkingu haft á viðskiptavakt með eigin bréf bankans. Í þeim tilvikum sem hann hafi keypt hluti í X hf. hafi aðeins hagnaðarsjónarmið ráðið för.*
- 16 Í dómi Landsréttar sagði enn fremur um þátt stefnanda: *Ákærði A starfaði í deild [...] í 77 viðskiptadaga af þeim 331 sem ákæran nær til og átti viðskipti 21 dag með hlutabréf í X hf. Eins og fram er komið verður ráðið af gögnum málsins að hlutdeild ákærða í tilboðum og þeim viðskiptum sem um ræðir hafi verið lítil. Þá sýna gögnin að viðskiptahegðun ákærða vék aðeins tvo daga frá almennri hegðun fjárfesta á markaði viðkomandi dag, [...] 2007 og [...] 2007. Svo sem fram er komið liggja fyrir gögn í málinu um að [...] 2007 hafi ákærði ráðlagt föður sínum að kaupa ekki fjármálagerninga sem gerðu ráð fyrir frekari lækkun á markaði. Þess í stað mætti vænta hækkunar. Sömu skoðun lýsti ákærði yfir þennan sama dag við samstarfsmann*

*sinn. Er hér um samtímagögn að ræða sem styðja berlega við fullyrðingar ákærða um að aðeins hagnaðarsjónarmið hafi búið að baki viðskiptum hans með eigin bréf bankans. Þá er til þess að líta að staða X hf. og íslenska bankakerfisins á umræddum tíma var umtalsvert önnur en síðar varð, en tímabilið sem ákært var fyrir í sambærilegum málum vegna [...] hf. og [...] hf. hófst 1. nóvember 2007, þegar ákærði hafði fyrir nokkru horfið til annarra starfa.*

- 17 Lögmaður stefnanda sendi erindi til ríkislögmanns 13. febrúar 2020 og óskaði eftir afstöðu embættisins til bótaskyldu í málinu. Ríkislögmaður leitaði í framhaldi af því eftir afstöðu embættis héraðssaksóknara og dómismálaráðuneytisins. Embætti héraðssaksóknara lýsti þeirri afstöðu sinni að stefnandi ætti ekki bótarétt. Stefnandi telur að gögn málsins beri með sér að umsögn embættis héraðssaksóknara hafi verið borin undir dómismálaráðuneytið, sem ekki hafi skilað sjálfstæðu álit, heldur látið nægja að lýsa því yfir að það tæki undir sjónarmið í erindi embættis héraðssaksóknara. Hafnaði ríkislögmaður bótaskyldu í kjölfarið.
- 18 Að sögn stefnanda var það mikið reiðarslag fyrir hann að vera borinn alvarlegum sökum. Segir hann jafnframt að ákæran hafi haft mikil áhrif á persónu- og einkalíf sitt. Stefnandi kveðst hafa fundið til skammar vegna þeirra saka sem bornar höfðu verið á hann, sem brotist hafi út í mikilli depurð og kvíða. Eðli málsins samkvæmt hafi fylgt málinu umtalsverð fjölmiðlaumfjöllun, þ.m.t. myndbirtingar í fjölmiðlum, sem hafi aukið verulega á kvíða hans. Kveðst stefnandi hafa haldið sig að mesti leyti til hlés og þróað með sér félagsfælni. Hann hafi borið gæfu til að sækja sér sálfræðiaðstoð vegna þessa en glími enn við eftirköst þessa máls, þrátt fyrir afdráttarlausan sýknudóm.
- 19 Í ljósi starfa sinna hjá [...]ráðuneytinu kveðst stefnandi hafa upplýst yfirmann sinn um framangreinda ákæru er hún hafi komið fram. Yfirmaður hans hafi fundað með ráðuneytisstjóra, þar sem taka hafi þurft afstöðu til aðkomu stefnanda að verkum innan ráðuneytisins. Það hafi blessunarlega verið mat yfirmanns og ráðuneytisstjóra að málið hefði ekki áhrif á þau störf sem stefnandi sinnti á þeim tímamarki, en við hafi blasað að stefnandi gæti ekki komið til greina í margvísleg önnur störf á vegum ráðuneytisins. Að sama skapi átti stefnandi, að eigin sögn, enga möguleika á að sækjast eftir frekari ábyrgð og framgöngu í störfum sínum, enda hafi hann ekki getað séð fyrir endalok sakamálsins með nokkurri vissu. Hafi málið því dregið úr framgangi stefnanda í starfi um langa hríð.

### **Helstu málsástæður stefnanda**

- 20 Stefnandi byggir mál sitt á því að sakamálameðferðin á hendur honum hafi í heild falið í sér brot gegn réttindum hans til réttlátrar málsmeðferðar. Brotin hafi hafist þann [...] 2011, þegar hann hafi fengið réttarstöðu sakbornings í skýrslutöku í málinu. Útgáfa ákæru í málinu, dags. [...], hafi falið í sér frekari meingerð gegn frelsi og persónu stefnanda. Í kjölfarið hafi brotum verið viðhaldið með því að stefnandi sætti saksókn fyrir dómstólum sleitulaust uns sýknudómur Landsréttar var upp kveðinn þann [...] 2019, en þá hafi verið liðin rúm tólf ár frá hinum meintu brotum stefnanda. Hafði stefnandi þá mátt búa við það að vera sakborningur í sakamáli í átta ár.
- 21 Stefnandi telur að þessi langa og að öðru leyti rangláta málsmeðferð sé í andstöðu við fyrirmæli stjórnarskrárinnar og almennra laga um hraða og réttláta málsmeðferð, þ.e. 1. og 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 3. mgr. 18. og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, svo og 1. og 2. mgr. og a-liðar 3. mgr. 6. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.
- 22 Stefnandi vekur athygli á því að sýkna hans byggji á svörum sem hann hafi gefið undir rannsókn málsins, sem unnt hafi verið að styðja skjalgum gögnum sem hann hafi sjálfur aflað úr rannsóknar- og ákærugögnum í fórum saksóknara. Framburður hans hafi verið skýr og afdráttarlaus um tilgang hans með kaupum á eigin bréfum fyrir hönd deildar [...] hjá X hf. og það hafi alltaf verið hans staðfasta trú að kaup bréfanna myndu skila tekjum fyrir deildina og hagnaði fyrir bankann. Gögn beri jafnframt með sér að svo hafi verið. Þann tíma sem hann hafi starfað í deild [...] X hf. hafi jafnan verið hagnaður á bók deildarinnar og af þeim hlutabréfum sem hann hafi keypt í bankanum. Þetta hafi komið fram í fyrri skýrslu stefnanda undir rannsókn málsins og verið endurtekið ítrekað, bæði þar og í síðari skýrslu hans.
- 23 Stefnandi kveður það hafa verið upplifun sína af skýrslutökum að rannsakendur hafi ekki tekið svör hans trúanleg heldur tortryggt allt sem hann hafi sagt varðandi hina meintu brotastarfsemi. Skýringar stefnanda hafi enga rannsókn hlotið hjá saksóknara. Þá hafi rangar ályktanir verið dregnar varðandi starfstímabil hans í deild [...] X hf., en hann hafi lokið með öllu afskiptum af hlutabréfakaupum í byrjum september 2007 og verið sagt upp störfum innan bankans nokkru áður en hið eiginlega bankahrún hófst.

- 24 Stefnandi telur við blasa að afstaða ákærvaldsins til þáttar hans í meintri markaðs-  
misnotkun hafi ekki getað skýrst af hlutlægrí úrvinnslu þeirra svara sem hann gaf við  
rannsókn málsins. Málið virðist því aðeins hafa sætt rannsókn að því er varðar sekt  
og skautað hjá öllum sjónarmiðum er lutu að sakleysi. Sé hér um að ræða brot gegn  
hlutlægnisskyldum rannsakenda, sbr. 53. gr. laga nr. 88/2008. Slík rannsókn geti  
aldrei legið til grundvallar ákvörðun um útgáfu ákæru þannig að forsvaranlegt sé.  
Þannig hafi þegar í upphafi rannsóknar verið gert út um að málsmeðferðin gæti orðið  
réttlát.
- 25 Stefnandi bendir á að ákæra hafi verið gefin út á hendur honum og fjórum öðrum  
mönnum [...], þ.e. tveimur árum og fimm mánuðum eftir að stefnandi hafi verið  
yfirheyrður í síðara skiptið en fjórum árum og þremur mánuðum eftir að hann hafi  
verið yfirheyrður í fyrra skiptið. Hann hafi rækilega gert grein fyrir því við rannsókn  
málsins að hann hefði hætt störfum í deild [...] í [...], nánar tiltekið þann [...], og  
lokið störfum í bankanum [...]. Þrátt fyrir það hafi hann verið ákærður fyrir að hafa  
stundað markaðsmisnotkun allt til [...] 2008, í samtals 331 viðskiptadag.  
Héraðssaksóknari hafi því ekki gætt fyrir mæla c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr.  
88/2008 um að í ákæru skuli greina hvenær brot þess sem ákærður er sé talið framið.  
Telur stefnandi að héraðssaksóknari hafi vitað eða mátt vera kunnugt um að lýsing á  
ætluðu broti stefnanda hafi verið röng að þessu leyti.
- 26 Að öðru leyti hafi vart verið að finna í ákærunni umfjöllun um þátt stefnanda í  
ætluðum brotum, þrátt fyrir fyrirmæli c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008, en  
stefnandi verið spyrstur saman við aðra starfsmenn bankans og honum gert að sæta  
ákæru fyrir eitthvað sem kallað hafi verið *heildarháttsemi* innan bankans. Við skoðun  
á töflu í ákæru, sem sýndi viðskipti starfsmanna [...] með eigin bréf X hf., hafi mátt  
ráða að stefnandi væri hafður fyrir rangri sök, þ.e. að hann hefði ekki að neinu leyti  
stundað markaðsmisnotkun, eins og henni var lýst í ákæru, þ.e. með því að setja inn  
röð kauptilboða við upphaf eða lok viðskiptadags, að setja inn tilboð sem ranglega  
gáfu til kynna eftirspurn eftir bréfum í bankanum eða að mynda gólf í verði hlutabréfa  
í X hf.
- 27 Stefnandi vísar einnig til þess að í töflu í ákæru yfir viðskipti starfsmanna [...] með  
hlutabréf í X] hf. hafi mátt greina einn viðskiptadag, sem hafi skorið sig verulega úr  
hvað varðar umfang viðskipta stefnanda, en það hafi verið [...] 2007. Undir rannsókn  
málsins hafi stefnandi verið spurður út í viðskipti sín þann dag og svarað því til að

- hann hefði haft trú á bankanum á þessum tíma, þ.e. að kaup á bréfunum myndu skila bankanum hagnaði, þar sem bréfin ættu eftir að hækka í verði.
- 28 Þrátt fyrir að ekkert væri að því vikið í ákæru hafi stefnandi gert ráð fyrir að þessi dagur myndi koma til umfjöllunar við meðferð málsins fyrir dómi. Hafi hann farið ásamt verjanda á starfsstöð embættis héraðssaksóknara og fengið að skoða tölvupóst-hólf sitt hjá X hf. Með því að láta Outlook-tölvupóstsforritið draga fram tölvupósta [...] 2007 hafi glögglega mátt greina úr rannsóknargögnum skýra afstöðu stefnanda, markaðsaðila og starfsmanna X hf. til markaðsaðstæðna þann dag. Greinilegt hafi verið að það hafi almennt verið afstaða manna að markaðir hefðu náð botni og að við tæki viðspyrna.
- 29 Stefnandi fullyrðir að sú ætlun saksóknara, að hann hafi staðið að kauptilboðum sem hafi gefið til kynna ranga eftirspurn eftir Xbréfum, hafi verið á sandi reist. Það hafi blasað við í gögnum sem hann hafi sjálfur lagt fram í málinu. Hafi raunar ekki annað þurft en að skoða töflu í ákæru, þar sem sjá hafi mátt að verð bréfa í X hf. hafi haldið áfram að hækka eftir viðskipti stefnanda [...] 2007. Hafi þetta tímabil skorið sig úr fyrir eitthvað hafi það verið fyrir þá staðreynd að fátítt hafi verið að deild [...] ætti svo lítil viðskipti með eigin bréf á rannsóknar-tímabilinu. Kaupin hafi verið hverfandi og engum viðskiptum fyrir að fara í lokunar-tilboðum, hvorki af hálfu stefnanda né annarra starfsmanna deildarinnar.
- 30 Telur stefnandi að af framangreindu megi ráða að greining hans á verði bréfanna hafi verið rétt og þau viðskipti sem hann hafi staðið að fyrir hönd bankans hafi ekki getað annað en skilað bankanum hagnaði, enda hafi liðið langur tími þangað til skráð gengi bréfanna fór undir markaðsvirði þeirra [...] 2007, en þá hafi stefnandi verið hættur í deildinni. Sakarefnið hafi því enga stoð átt í gögnum málsins hvað stefnanda varðar.
- 31 Stefnandi byggir á því að hann hafi átt rétt á skjótri úrlausn um sakir á hendur sér og skipti þar höfuðmáli að málarekstur á hendur honum væri skýr og skilvirkur. Því hafi sannarlega ekki verið að heilsa, enda hafi hann verið dreginn saklaus inn í mál með öðrum aðilum sem hann átti ekkert sammerkt með, hvorki að því er varðar aðstöðu né athafnir. Það sé fásinna að halda því fram að stefnandi hafi að einhverju leyti verið í sambærilegri stöðu og aðrir starfsmenn. Á starfstíma stefnanda hjá deild [...] hafi verið hagnaður af starfsemi deildarinnar, á meðan aðrir ákærðu störfuðu á þeim tíma sem eignir bankanna hríðféllu í verði, ekki síst virði eigin bréfa. Að mati stefnanda sé engin leið til að bera saman aðkomu hans að starfsemi deildar [...] og annarra

- starfsmanna í föllnum bönkum, eins og embætti héraðssaksóknara hafi leyft sér að gera.
- 32 Stefnandi byggir á því að saksóknara hafi brostið heimild til að saksækja hann í sama máli og aðra fyrrum samstarfsmenn hans, með þeim hætti sem gert var. Aðkoma stefnanda að kaupum á hlutabréfum bankans hafi verið lítil sem engin. Hafi saksóknari talið ástæðu til að sækja stefnanda til saka hafi honum borið skylda til að gefa út sjálfstæða ákæru vegna þess á hendur stefnanda eða fella málið niður að öðrum kosti.
- 33 Stefnandi telur ljóst að ákvörðun saksóknara um útgáfu ákæru hafi með öllu verið ólögmat, þar sem hún hafi byggst á ófullnægjandi rannsókn. Þar að auki hafi falist brot í því að stefnanda hafi ekki verið gefinn kostur á að svara til saka í sjálfstæðu máli um ætluð brot sín. Hafi málatilbúnaðurinn gengið gegn 2. og 3. mgr. 53. gr. og c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008.
- 34 Stefnandi byggir á því að með því að saksóknari hafi með ólögmatum hætti tekið sér það vald að draga stefnanda inn í afar flókið og viðamikið sakamál hafi þegar í upphafi verið gert út um að málsmeðferð sú sem stefnandi hafi hlotið í málinu yrði réttlát og í samræmi við mannréttindasjónarmið. Afleiðing þessara saknæmu vinnubragða saksóknara hafi orðið sú að varnir stefnanda fyrir héraðsdómi hafi beðið verulega hnekki og nokkuð hafi þurft til þess að koma að stefnanda tækist að knýja fram sýknudóm í málinu.
- 35 Stefnandi vekur athygli á því að samkvæmt I. kafla ákæru hafi honum verið gefið að sök að hafa stundað markaðsmisnotkun allt fram til [...] 2008, meira en ári eftir að hann lauk störfum í deild [...] og rúmum fjórum mánuðum eftir að honum hafði verið sagt upp störfum og hann yfirgefið bankann. Fyrir það hafi hann verið sakfelldur í héraðsdómi. Eins og ráða megi af vörn stefnanda og sjónarmiðum fyrir sýknu í greinargerð hans fyrir Landsrétti, og að sama skapi sókn saksóknara í greinargerð hans fyrir Landsrétti, hafi efnisumfjöllun þar aðeins tekið til [...] 2007. Það sama megi segja um munnlegan málflutning.
- 36 Stefnandi telur kristallast í hrópandi mun á sýknudómi Landsréttar annars vegar og hins vegar í sakfellingardómi Héraðsdóms Reykjavíkur með hvaða hætti réttindi hans hafi verið fótumtroðin. Stefnandi hafi þurft að sæta rannsókn með réttarstöðu sakbornings í fjögur ár og þrjá mánuði. Í kjölfarið hafi hafist saksókn sem tekið hafi alls þrjú ár og níu mánuði. Þetta hafi í heild tekið yfir átta ár. Ákæruskjal hafi verið

- afar rýrt um þátt stefnanda og þáttur hans fallið í skuggann af umfjöllun um mun viðtækari háttsemi annarra, sem spannaði mun lengra tímabil en stefnanda snerti. Við málsmeðferðina í heild hafi ekki verið gætt að réttindum stefnanda sem sakbornings og brotið gegn málshraðareglu sakamálaréttarfars, sbr. 3. mgr. 18. og 1. mgr. 171. gr. laga nr. 88/2008.
- 37 Stefnandi vísar til þess að 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 176. gr. eldri laga, hafi í dómaframkvæmd verið túlkaðar á þann veg að sá sem borinn hafi verið sökum í sakamáli, en sé endanlega sýknaður eða mál hans fellt niður, eigi rétt á skaðabótum á grundvelli hlutlægrar bótaskyldu íslenska ríkisins hafi hann sömuleiðis sætt þvingunarúrræðum, sbr. 2. mgr. 246. gr. Hafi hann ekki sætt þvingunarúrræðum geti hann engu að síður reist bótarétt sinn á grundvelli 1. mgr. 246. gr., en þá með vísan til sakar, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Um þetta vísist til dóma Hæstaréttar frá 1. mars 2001 í máli nr. 269/2000 og frá 6. mars 2019 í máli nr. 27/2018, svo og til dóms Landsréttar frá 11. október 2019 í máli nr. 804/2018.
- 38 Stefnandi byggir á því að starfsmenn embættis sérstaks saksóknara, og síðar héraðs-saksóknara, hafi með ólögmætum og saknæmum hætti staðið að meingerð, gegn frelsi, friði, æru og persónu hans. Hin saknæma og ólögmæta háttsemi hafi falist í því að virða að vettugi réttindi hans, sem sakaðs manns, sem honum séu tryggð í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.
- 39 Beint orsakasamhengi sé á milli þeirrar aðfarar sem stefnandi hafi sætt af hálfu saksóknara og þess tjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir, en tjónið sé annars vegar fjárhagslegt tjón og hins vegar miski. Yfir vafa sé hafið að það að sæta sakamálarannsókn sé brot á friðhelgi einkalífs og sé eðli máls samkvæmt til þess fallið að valda einstaklingum miska. Miskinn sé þeim mun meiri eftir því sem rannsókn og saksókn dragist á langinn, ásakanir um brot séu alvarlegri, áhrif á störf, persónu og heimili verði meiri og ef þeim hefur fylgt fjölmiðlaumfjöllun.
- 40 Allt ofantalið eigi við í tilfalli stefnanda. Rannsókn hafi tafist úr hófi fram og engin skýring fengist á því hvers vegna tæp þrjú ár hafi liðið milli þess sem ákært var í málum sem vörðuðu [...] hf. og [...]hf. þar til að ákæra var gefin út í máli fyrrum starfsmanna X hf. Þá hafi málsmeðferð sakamálsins verið afar umfangsmikil. Tafir hafi orðið svo miklar á málinu að óhjákvæmilegt hafi verið að skilorðsbinda þá refsidóma sem upp hafi verið kveðnir í héraði og í Landsrétti.
- 41 Rannsókn, saksókn og fjölmiðlaumfjöllun hafi haft alvarleg áhrif á heilsu stefnanda

og nánustu aðstandenda hans og falið í sér alvarlegt brot gegn friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu stefnanda, sbr. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í ljósi alls sem að framan greinir telur stefnandi miskabótakröfu sinni vera stillt í hóf og að hún gangi ekki lengra en fyrirbyggjandi fordæmi gefi tilefni til.

- 42 Krafa stefnanda um bætur fyrir fjártjón byggir á matsgerð dómkvadds matsmanns sem hann aflaði undir rekstri málsins í þeim tilgangi að sanna fjárhagslegt tjón sitt. Það tjón kveður stefnandi fyrst og fremst stafa af mismun þess ábata sem hann hefði mátt vænta á starfsævi sinni án ólögðra inngrípa stefnda og þess ábata sem fyrirséð sé að hann muni eiga á sinni ævi. Stefnandi telur við blasa að hefði hann átt þess kost að sækjast eftir framgöngu í starfi og hefðu yfirmenn hans átt kost á að óska eftir kröftum hans í ábyrgðarfyllri verkefnum hefði það endurspeglast í starfskjörum hans. Hefðu því laun hans hækkað á skemmri tíma og hefði hann verið kominn ofar í launaflokkum og -þrepum en raun bar vitni. Sé það tjón sem til sé komið vegna ólögðra meingerðar starfsmanna stefnda. Á því beri stefndi ábyrgð, með vísan til vinnuveitandaábyrgðar.
- 43 Eins og venjubundið sé hafi stefnandi sent erindi til embættis ríkislögmans og krafist afstöðu til bótaskyldu stefnda. Ríkislögmaður hafi kallað eftir umsögn embættis héraðssaksóknara og dómsmálaráðuneytisins. Í erindi ríkislögmans segi að niðurstaða þess samráðs sé að skilyrði fyrir bótaskyldu séu ekki uppfyllt. Ríkislögmaður hafi hafnað bótaskyldu og megi ráða að sú höfnun hafi alfarið byggt á afstöðu héraðssaksóknara. Stefnandi telur þetta fyrirkomulag með öllu ófullnægjandi og óverjandi, þ.e. að sá aðili sem hafi farið fyrir saksókn málsins hafi svarað erindi ríkislögmans. Allar líkur séu á því að sá hinn sami hafi komið að stefnumótandi ákvörðunum sem varða rannsókn mála er tengjast markaðsmisnotkun hinna föllnu banka. Þá hafi viðkomandi undirritað ákæruskjal og væntanlega komið að ákvörðun um útgáfu ákæru og borið ábyrgð á inntaki hennar og framsetningu sakarefnis.
- 44 Stefnandi telur enn fremur að ríkislögmaður hafi ekki gætt að því að rannsaka málið með fullnægjandi hætti, sbr. 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, áður en afstaða var tekin til erindis hans, auk þess sem andmælaréttur, sbr. 13. gr. sömu laga, hafi ekki verið virtur. Hlutlæg niðurstaða um bótarétt stefnanda verði aldrei reist á viðlíka málsmeðferð.

### **Helstu málsástæður stefnda**

- 45 Stefndi hafnar öllum málsástæðum og kröfum stefnanda. Málsmeðferð í máli ákærvaldsins gegn stefnanda hafi þó í heild sinni tekið langan tíma, þ.e. frá upphafi rannsóknar og þar til endanlegur dómur féll, eða um átta ár. Stefndi byggir á því að málefnalegar ástæður hafi ráðið því og að ekki hafi verið brotið gegn ákvæðum laga um meðferð sakamála, ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.
- 46 Stefndi bendir á að verkefni embættis sérstaks saksóknara hafi verið fordæmalaust að umfangi og efni þann tíma sem embættið starfaði. Margir tugir mála hafi verið í rannsókn á sama tíma, þar sem fjöldi sakborninga og vitna hljóp á hundruðum og gagnamagn var gríðarlegt. Mörg málanna hafi þurft að rannsaka saman og yfirheyra hafi þurft sakborninga og vitni oft en einu sinni. Verði að leggja til grundvallar hversu mörg mál hafi verið til rannsóknar á hverjum tíma hjá embættinu, flækjustig, gagnamagn og fjölda sakborninga og vitna. Umfang mála hafi verið mun meira en áður hafi þekkst hér á landi og þótt víðar væri leitað. Benda megi á að frá móttöku kæru og fram að aðgerðum, svo sem skýrslutökum, hafi þurft að skilgreina og afmarka sakarefni mála, setja upp drög að rannsóknar- og aðgerðaáætlunum í einstökum málum, áætla vinnumagn, tæknileg atriði og aðbúnað. Þau mál sem aðeins tengdust X hf. hafi verið á fimmta tug og meirihluti þeirra mjög eða gríðarlega umfangsmikil mál. Á sama tíma hafi verið fjöldi annarra sakamála í rannsókn sem sinnt hafi verið af sömu starfsmönnum.
- 47 Segir stefndi að fullt tilefni hafi verið til að rannsaka þátt stefnanda í því máli sem að framan er rakið. Það hafi auk þess verið í samræmi við meðferð sambærilegra mála varðandi hina föllnu bankana. Málum [...] hf. og [...] hf. hafi lokið með dómum Hæstaréttar [...]og [...]. Hvergi í málsmeðferðinni í þeim málum hafi komið fram athugasemdir við það að starfsmenn *á gólfu*, þ.e. sem voru ekki stjórnendur, væru ákærðir með þessum hætti og saksóknin á hendur stefnanda hafi því verið í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar, auk þess sem hún hafi verið í samræmi við jafnræðisreglu.
- 48 Stefndi byggir á því að ákæra í máli stefnanda hafi borið það skýrt með sér að stefnandi hafi verið ákærður fyrir viðskipti á alls 28 dögum á tímabilinu [...] til [...] 2007, en ekki vegna 331 viðskiptadags. Við málflutning í Landsrétti hafi svo verið fallið frá tímabilinu í [...] 2007. Er því mótmælt sérstaklega að ákæran hafi verið óskýr hvað þetta varðar. Í ákærunni hafi fyrst verið lýst háttseminni og tímabilinu í heild sinni og svo rakinn þáttur hvers og eins, eins og tíðkist í flóknum málum sem

þessu. Er byggt á því af hálfu stefnda að þætti stefnanda hafi verið lýst með skýrum hætti í ákærinni og að ekkert fari á milli mála um hvaða viðskiptadaga hafi verið að ræða hvað hann varðaði.

- 49 Stefndi hafnar því að rannsakendur og ákærvaldið hafi ekki gætt að hlutlægnis- skyldu sinni samkvæmt 53. gr. laga nr. 88/2008. Rétt sé að taka fram að við rannsókn málsins, auk allra annarra mála sem hafi verið til rannsókna á sama tíma, hafi meðal annars verið notast við nýjustu tækni- og tölvurannsóknarþekkingu í þeim tilgangi að flýta rannsókn. Gögn hafi verið keyrð í gegnum sérstakt leitarforrit og þannig reynt að afmarka sem mest rannsóknina og ná sem bestum árangri. Setja hafi þurft inn skilgreiningar út frá mismunandi tímum og leitarorðum, sem leitað hafi verið eftir í sérhæfðum tölvurannsóknarbúnaði, þar sem leitað hafi verið í milljónum skjala og þau síðan grisjuð út. Eftir hafi staðið gríðarlegur fjöldi tölvupósta og skjala sem þurft hafi að rannsaka sérstaklega. Þegar slíkri aðferð sé beitt geti alltaf verið hætta á að gögn sem þýðingu hafi fyrir málið komi ekki í leitirnar. Ákærðu og verjendum þeirra hafi gefist kostur á að koma á starfstöð embættis héraðssaksóknara til að fara yfir þau gögn sem þeir teldu hafa þýðingu fyrir vörn sína. Það hafi stefnandi gert ásamt verjanda sínum. Við þá skoðun hafi komið í ljós gögn sem stefnandi hafi lagt fram í málinu. Hér beri að hafa í huga að stefnandi og verjandi hans hafi eingöngu leitað í tölvupóstsforriti hans sjálfs en ekki farið í gegnum allan þann gríðarlega fjölda skjala sem hafi legið fyrir í málinu. Þurfi því ekki að koma á óvart að við þá sérhæfðu skoðun hafi umrædd gögn komið í ljós. Þetta sé í samræmi við lög um meðferð sakamála, sem tryggja sakborningum aðgang að gögnum máls, sbr. 1. mgr. 37. gr., auk þess sem það sé hlutverk verjanda að draga fram allt það í málinu sem verða megi skjólstæðingi hans til hagsbóta, sbr. 1. mgr. 35. gr. laganna.
- 50 Stefndi hafnar því alfarið að rannsakendur og ákærvald hafi með saknæmum hætti haldið gögnum frá í sakamálinu. Auk upplýsinga frá Kauphöllinni um kaup stefnanda á eigin bréfum bankans á tímabilinu [...] til [...] 2007 hafi saksókn á hendur honum byggt á símtali hans við samstarfsmann sinn þann [...] 2007 og tölvupósti á milli sömu aðila þann sama dag. Þá hafi einnig verið byggt á símtali stefnanda þann [...] 2007 við aðila sem starfaði í áhættustýringu bankans.
- 51 Framangreind gögn hafi þótt sýna fram á tilgang tilboðanna og viðskiptanna með eigin bréf í bankanum og það hafi einkum verið símtalið frá [...] 2007 sem hafi þótt varpa ljósi á heildarhættsemi stefnanda. Ákærvaldið hafi talið að það sem fram hafi

komið benti til þess að kauphegðun stefnanda hefði þennan dag verið samkvæmt fyrirmælum samstarfsmanns hans og jafnframt að stefnanda hefði verið kunnugt um tilganginn með viðskiptunum. Þá hafi það verið mat ákærvaldsins að umrætt símtal styddi þá niðurstöðu að tilgangurinn með viðskiptum stefnanda með eigin bréf bankans aðra daga hefði verið hinn sami. Einnig hafi verið litið til framburðar stefnanda hjá lögreglu um að starfsmenn [...] hafi stundum verið *láttnir kaupa* eigin bréf og að yfirmaður stefnanda hafi verið sá sem hefði gefið fyrirmæli um það og ráðið meiru um það en hann.

- 52 Stefndi vísar til þess að fjölskipaður héraðsdómur hafi fallist á framangreint mat rannsakenda og ákærvalds og sakfellt stefnanda, þrátt fyrir að tölvupóstarnir hefðu þá legið fyrir. Landsréttur hafi komist að öndverðri niðurstöðu og sýknað stefnanda með vísun í fyrrnefnda tölvupósta, en einnig með vísan til þess að hlutdeild stefnanda í tilboðum og þeim viðskiptum sem ákært var fyrir hefði verið lítil. Stefndandi virðist byggja á því að þar sem hann hafi verið sýknaður af ákæru með endanlegum dómi Landsréttar sýni það fram á að hann hafi ranglega verið ákærður í málinu. Raunar byggji stefndandi á því að hann hafi verið *hafður fyrir rangri sök* þar sem tafla í ákæru hafi sýnt að hann hafi ekki að neinu leyti stundað markaðsmisnotkun.
- 53 Stefndi bendir á að samkvæmt 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skuli ákærandi höfða mál á hendur sakborningi telji hann það sem fram sé komið við rannsókn málsins vera nægilegt eða líklegt til sakfellis. Að öðrum kosti skuli fella mál niður. Ákærvaldið hafi í máli stefnanda talið að rannsókn málsins væri fullnægjandi og gefið út ákæru á grundvelli þeirrar rannsóknar. Þessi ákvörðun ákærvaldsins, að gefa út ákæru á hendur stefnanda, sé hluti af meðferð ákærvaldsins á valdheimildum sem því sé falið að lögum. Löng dómaframkvæmd sé fyrir því að ákvörðun um saksókn sæti ekki endurskoðun dómstóla, þ.e. að ákærvaldið sé sjálfstætt þegar það beiti heimildum sínum til saksóknar. Þetta sjálfstæði ákærvaldsins sé gríðarlega mikilvægt í réttarríki, enda beri ákærvaldinu ekki að taka við fyrirmælum frá neinum, hvorki á vegum stjórnvalda, dómstóla né einkaaðila.
- 54 Hafi í þessu sambandi ekki þýðingu að mati stefnda að niðurstaða dómsmeðferðar á áfrýjunarstigi hafi verið sú að sýkna stefnanda af ákæru í málinu. Þar komi meðal annars til strangar sönnunarkröfur sakamálalaga, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008. Allan skynsamlegan vafa beri að skýra ákærðum manni í hag og meðal annars á þeim grundvelli hafi stefndandi verið sýknaður. Til þess að dómstólar gætu

farið að endurskoða forsendur og mat ákærvaldsins í þessu sambandi þyrfti að mati stefnda mikið til að koma og það gæti eingöngu átt sér stað ef talið væri að ákærvaldið hefði með saknæmum og ólögmetum hætti ranglega beint saksókn að stefnanda. Ekkert í dómi Landsréttar í sakamálinu á hendur stefnanda gefi tilefni til að álykta að dómstóllinn hafi talið saksóknina beinast að stefnanda með saknæmum og ólögmetum hætti. Þvert á móti bendi orðalag dómsins til þess að fallist hafi verið á varnir ákærða að þessu leyti, fremur en á málatilbúnað ákærvaldsins. Það sé einmitt markmið meðferðar sakamáls fyrir dómi að skera endanlega úr um slík atriði, en feli ekki í sér að þar með sé því slegið föstu að ákvörðun um saksókn stefnanda hafi verið ólögmet. Slík niðurstaða væri í algerri andstöðu við fyrri dómaframkvæmd í þessum efnun.

- 55 Stefndi hafnar einnig þeirri málsástæðu að ákærvaldinu hafi borið að saksækja stefnanda einan, væri talin ástæða til þess, en fella málið niður að öðrum kosti. Stefndi fær ekki séð að þessi málsástæða byggji á neinum sérstökum röksemdum varðandi lagagrundvöll. Þvert á móti verði að telja eðlilegt, í ljósi meginreglna sakamálalaga sem hér eigi helst við, að saksækja beri í einu lagi alla þá sem taldir eru hafa tengst hinni yfirgripsmiklu háttsemi, en gera um leið í ákærinni grein fyrir hlut hvers fyrir sig, eins og gert hafi verið. Annað geti boðið heim hættu á því að sambærileg mál hljóti ekki sambærilega meðferð í andstöðu við jafnræðisreglu.
- 56 Þegar sakborningur hafi verið sýknaður með endanlegum dómi komi til skoðunar hvort beita eigi hinni hlutlægu bótareglu 246. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt ákvæðinu beri að greiða bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.–XIV. kafla laganna, nema bótakrefjandi hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á. Eingöngu sé í ákvæðinu kveðið á um hlutlæga bótaskyldu vegna rannsóknaraðgerða eða svokallaðra þvingunaraðgerða í þágu rannsóknar sakamáls. Þar sé hins vegar ekki gert ráð fyrir greiðslu bóta vegna þess að málsmeðferð hafi tekið langan tíma eða vegna útgáfu ákæru. Til þess að unnt væri að fallast á bætur fyrir slíkt þyrfti að hafa falist í meðferð ákærvalds saknæm og ólögmet háttsemi, líkt og rakið sé að framan. Stefndi telur fráleitt að slíkri sök sé til að dreifa.
- 57 Stefndi bendir á að í stefnu virðist sá misskilningur vera uppi að þar sem stefnandi hafi ekki sætt þvingunarúrræðum samkvæmt IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2008 geti hann *engu að síður reist bótarétt sinn á grundvelli 1. mgr. 246. gr., en þá með vísan til sakar, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga*. Í 1. mgr. 246. gr. sé beinlínis vísað

- til 2. mgr. ákvæðisins, sem feli í sér að hin hlutlæga bótaábyrgð eigi eingöngu við þegar þvingunaraðgerðum hafi verið beitt. Stefnandi hafi ekki sætt neinum slíkum aðgerðum og geti því ekki byggt rétt sinn á 246. gr. laganna.
- 58 Stefndi hafnar því að stefnandi geti átt rétt til bóta á grundvelli sakarreglunnar, sbr. regluna um vinnuveitandaábyrgð. Til að unnt sé að dæma stefnanda miskabætur á sakargrundvelli þurfi skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga að vera uppfyllt, þ.e. að stefnandi hafi orðið fyrir ólögmætri meingerð vegna aðgerða lögreglu og ákærvalds, sem beinst hafi gegn frelsi, friði, æru eða persónu hans. Í ólögmætri meingerð felist áskilnaður um að tjóni sé valdið með saknæmri háttsemi og þá annað hvort af ásetningi eða gáleysi. Forsendur fyrir bótaskyldu stefnda samkvæmt þessu ákvæði séu að fyrir liggi ólögmætar ákvarðanir og háttsemi af hálfu lögreglu og ákærvalds.
- 59 Stefnandi beri sönnunarbyrði um að starfsmenn stefnda hafi valdið honum tjóni af ásetningi eða verulegu gáleysi og þá sönnunarbyrði hafi hann ekki axlað. Líkt og rakið sé hér að framan hafi stefndi á engan hátt sýnt fram á að rannsókn og ákvörðun um saksókn á hendur honum hafi verið saknæm eða ólögmæt. Svo sé ekki í þessu máli, þótt endanleg niðurstaða hafi verið sú að stefnandi hafi verið sýknaður. Það eitt og sér feli ekki í sér að ákvörðun um að saksókn hafi verið ólögmæt eða að stefnandi hafi vísvitandi verið hafður fyrir rangri sök af hálfu ákærvaldsins.
- 60 Stefndi hafnar því að réttindi stefnanda sem sakaðs manns hafi verið virt að vettugi. Hann hafi notið allra þeirra réttinda sem sökuðum manni séu tryggð í lögum um meðferð sakamála, stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu, eins og gögn málsins beri ljóslega með sér. Hann hafi þannig notið aðstoðar verjanda við alla málsmeðferðina, haft tækifæri til að skoða þau rannsóknargögn málsins sem vörðuðu hann og koma að athugasemdum, kysi hann að gera svo. Lögmæt rannsókn sakamáls, ákærferli og meðferð málsins fyrir dómi, sem stefnandi byggi bótakröfu sína á, feli ekki í sér bótaskyldu fyrir ríkið, hvorki á hlutlægum grundvelli samkvæmt 246. gr. sakamálalaga, né heldur á grundvelli sakar samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga.
- 61 Þá hafnar stefndi því að það geti haft þýðingu í málinu að umtalsverð fjölmiðlaumfjöllun hafi fylgt málsmeðferðinni með myndbirtingum í prent- og vefmiðlum, þ.á m. af stefnanda. Slík fjölmiðlaumfjöllun geti ekki talist á ábyrgð stefnda, en ekki hafi verið sýnt fram á að stefndi hafi á nokkurn hátt stuðlað að fjölmiðlaumfjöllun um málið. Sé löng dómaframkvæmd fyrir því að ábyrgð á fjölmiðlaumfjöllun verði ekki

lögð á stefnda í málum sem þessum.

- 62 Hvað varðar fjártjónskrófu stefnanda er henni mótmælt sem ósannaðri. Engin gögn séu í málinu sem sýni fram á fjártjón stefnanda, þannig að þýðingu geti haft. Þvert á móti séu fyrir hendi upplýsingar frá [...]ráðuneytinu sem sýni fram á að hann hafi hlotið eðlilegan framgang í starfi í ráðuneytinu og launakjör hans verið í takti við launakjör sérfræðinga í sambærilegum störfum. Sé þannig ekkert í málinu sem bendi til þess að umrætt sakamál hafi leitt til tapaðra launatekna eða lakari framgangs í starfi en annars hefði verið. Í því sambandi bendi stefndi á að stefnandi hafi haldið starfi sínu í ráðuneytinu eftir að ákært var í málinu og því sé hafnað að ákæran og sakfelling í héraði hafi haft þær afleiðingar fyrir hann að laun hans hafi ekki hækkað með þeim hætti sem þau hefðu ella gert. Þá hafi stefnandi sótt um [...] og hlotið það starf og þiggi væntanlega laun samkvæmt kjarasamningum.
- 63 Stefndi finnur sérstaklega að orðalagi matsspurningar í beiðni stefnanda um dómkvaðningu matsmanns og telur að með matsspurningunni hafi stefnandi ranglega gefið sér að munur væri á ævitekjum hans fyrir og eftir meðferð sakamálsins. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn um að hann hafi orðið fyrir tekjutapi vegna sakamálsins, eingöngu sett fram órökstuddar fullyrðingar þess efnis í stefnu. Stefnanda hefði verið í lófa lagið að leggja fram gögn um tekjur sínar fyrir og eftir málsmeðferðina og fram til dagsins í dag. Matsspurningin sé einnig verulega matskennd og feli í sér að matsmaður þurfi að setja sig í spádómsstillingar um þann mun á ævitekjum sem stefnandi gefi sér, án nokkurra raka. Stefndi telur að matsspurningin sé þess eðlis að matsgerðin sé tilgangslaust gagn til sönnunar í málinu, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda vandséð hvað matsmaður hafi átt að leiða í ljós sem gögn um launakjör stefnanda, fyrir og eftir málsmeðferðina, hefðu ekki getað leitt í ljós ein og sér. Stefndi telur að dómari málsins sé fullfær um að leggja mat á slík gögn, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga um meðferð einkamála.
- 64 Hvað varðar gagnrýni stefnanda á að umsögn héraðssaksóknara hafi verið í höndum þess saksóknara sem hafi farið fyrir saksókn málsins vísar stefndi því á bug að slíkt fyrirkomulag sé ófullnægjandi og óverjandi. Embætti ríkislögmans afli umsagna frá þeim ráðuneytum, stofnunum og embættum sem komið hafi að málum og í því sambandi sé í fyllsta máta eðlilegt að sá starfsmaður sem best þekkir til máls fái slíka umsagnarbeiðni til meðferðar. Stefndi hafnar því að ríkislögmaður hafi byggt synjun bótaskyldu alfarið á afstöðu héraðssaksóknara. Farið sé yfir umsagnir og málgögn

- og lagt mat á það hvort bótaskylda ríkisins sé fyrir hendi í hverju tilviki. Það hafi einnig verið gert í máli stefnanda. Oftast sé afstaða til bótaskyldu í samræmi við umsagnir viðkomandi ráðuneytis og stofnunar, enda liggi endanlegt ákvörðunarvald um það hvort bótaskylda sé viðurkennd hjá þeim aðilum sem kröfum sé beint að. Það hafi verið mat embættisins, að fengnum umsögnum og eftir að hafa skoðað gögn málsins, að bótaskylda væri ekki fyrir hendi í málinu og hafi henni því verið hafnað. Stefndi mótmælir því að með framangreindri málsmeðferð hafi embætti ríkislögmanns brotið gegn rannsóknarreglunni í 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.
- 65 Stefndi vísar til þess að jafnvel þótt Landsréttur hafi ekki verið sammála mati ákærvaldsins, sem hafi leitt til sýknu stefnanda, geti það ekki leitt til þess að mat ákærvaldsins um útgáfu ákæru verði virt til sakar þeim starfsmönnum sem þá ákvörðun taka. Það að ákærvaldið, og raunar héraðsdómur einnig, hafi ekki lagt trúnað á skýringar stefnanda feli auk þess ekki í sér að gengið hafi verið fram með saknæmum og ólögumætum hætti af hálfu stefnda.
- 66 Stefndi mótmælir því að misbrestur hafi verið á því að stefnandi hafi átt kost á að neyta andmælaréttar samkvæmt 13. gr. stjórnarsýslulaga. Stefndi bendir á að ríkislögmaður svari erindum um bótaskyldu í umboði ráðuneyta eða stofnana eftir lögum nr. 51/1985. Það sé í raun álitamál hvort embættið verði talið sjálfstætt stjórnvald í þeim skilningi, eða stofnunin sem veiti umsögnina eingöngu. Þegar umsögn hafi borist sé svo tekin afstaða til bótaskyldu ríkisins, oftast í samræmi við þær umsagnir sem viðeigandi ráðuneyti og stofnanir hafa gefið, enda liggi ákvörðunarvald um hvort bótaskylda sé viðurkennd eða ekki hjá þeim aðilum sem kröfum er beint gegn, sbr. almennar athugasemdir við frumvarp til laga nr. 51/1985 um ríkislögmann. Umsagnir séu almennt ekki afhentar nema óskað sé eftir þeim og þá ekki fyrr en afstaða hefur verið tekin til bótaskyldu. Eftir sem áður geti bótakrefjandi óskað eftir endurskoðun á synjun bótaskyldu telji hann að ákvörðunin hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.
- 67 Með hliðsjón af öllu framansögðu telur stefndi að stefnandi hafi hvorki fært fram fullnægjandi rök fyrir miskabótakröfu sinni né heldur fyrir kröfu um skaðabætur vegna meints fjártjóns og því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Verði komist að þeirri ólíklegu niðurstöðu að stefnandi eigi rétt á miska- og/eða skaðabótum krefst stefndi verulegrar lækkunar dómkrafna. Til stuðnings þeirri kröfu stefnda er vísað til þess að miskabótakrafa stefnanda sé ekki í neinu samræmi við

dómafordæmi vegna sambærilegra mála. Jafnframt er í þessu sambandi vísað til framangreindra málsástæðna um skaða- og miskabótakröfu stefnanda, sem að mati stefnda eiga að leiða til lækkunar.

### **Niðurstaða**

- 68 Eins og rakið er hér að framan sætti stefnandi, sem fyrrverandi starfsmaður deildar [...] hjá X hf., rannsókn á árunum 2011–2016 vegna gruns um refsiverða háttsemi í starfi sínu þar árið 2007, sem talin var liður í heildarháttsemi sem talin var hafa átt sér stað á tímabilinu [...] 2007 til [...] 2008. Var stefnandi fyrst yfirheyrður af starfsmönnum embættis sérstaks saksóknara [...] 2011 og svo aftur [...] 2013.
- 69 Ákæra var gefin út á hendur stefnanda og fleirum [...] 2016 og dómur kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur [...] 2018 í máli nr. S[...]. Var stefnandi með þeim dómi sakfelldur fyrir þau brot sem honum voru gefin að sök. Stefnandi áfrýjaði dóminum fyrir sitt leyti og féll dómur í Landsrétti [...] 2019 í máli nr. [...] þar sem stefnandi var sýknaður af þeirri háttsemi sem honum var gefin að sök samkvæmt ákærinni. Lauk þar með sakamáli ákærvaldsins á hendur stefnanda sem hófst sem fyrir segir á árinu 2011.
- 70 Í því máli sem hér er til meðferðar krefst stefnandi skaðabóta vegna fjártjóns og miska sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna þess hvernig staðið var að rannsókn framangreinds máls og vegna þeirrar ákvörðunar embættis sérstaks saksóknara að gefa út ákæru á hendur honum. Er meðal annars á því byggt að meðferð málsins, allt frá því að hann var fyrst yfirheyrður [...] 2011 til sýknudóms Landsréttar [...] 2019, hafi verið löng og ranglát og brotið í bága við tilgreind ákvæði stjórnarskrárinnar, mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og laga um meðferð sakamála.

### *Um bótagrundvöllinn*

- 71 Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála á maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli rétt til bóta samkvæmt 2. mgr. sömu greinar ef mál hans hefur verið felld niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann hafi verið talinn ósakhæfur. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.–XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þó má fella niður bætur eða lækka ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.
- 72 Ákvæði 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 mæla fyrir um svonefnda hlutlæga

bótaábyrgð íslenska ríkisins vegna rannsóknar og meðferðar sakamáls. Samkvæmt þessum ákvæðum er ekki skilyrði bótaskyldu að um saknæma og ólögmeta háttsemi hafi verið að ræða heldur nægir, til að bætur verði greiddar, að þau skilyrði sem talin eru upp í ákvæðunum séu uppfyllt, þ.e. að mál hafi verið fellt niður eða viðkomandi verið sýknaður með endanlegum dómi (1. mgr.) og að hann hafi sætt þvingunar- aðgerðum samkvæmt IX.–XIV. kafla laganna (2. mgr.).

- 73 Ákvæði 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 og sambærileg ákvæði í eldri lögum hafa verið skilin með þeim hætti að útgáfa ákæru og rekstur sakamáls geti ekki leitt til bótaskyldu á grundvelli hlutlægrar bótaábyrgðar. Samkvæmt því verði að skýra 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 á þann veg að sé fullnægt skilyrðum 1. mgr. greinarinnar, þ.á m. um að maður hafi verið sýknaður með endanlegum dómi, eigi þeir einir rétt til bóta á grundvelli hlutlægrar bótaábyrgðar er sætt hafi þeim rannsóknaraðgerðum sem um ræðir í 2. mgr. lagaákvæðisins. Má í þessu sambandi meðal annars vitna til dóma Hæstaréttar frá 1. mars 2001 í máli nr. 269/2000 og 6. mars 2019 í máli nr. 27/2018, svo og til dóms Landsréttar frá 16. desember 2022 í máli nr. 599/2021.
- 74 Ekki er um það deilt að stefnandi sætti ekki aðgerðum samkvæmt IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2008, sbr. 2. mgr. 246. gr. laganna, við rannsókn eða meðferð þess sakamáls sem lyktaði með dómi Landsréttar [...] 2019 í máli nr. [...]. Getur þegar af þeirri ástæðu ekki til þess komið, með hliðsjón af þeim dómum sem nefndir eru hér að framan, að stefnandi eigi bótarétt á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar samkvæmt 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, enda er ekki á slíku byggt af hans hálfu í málinu.
- 75 Stefnandi vísar engu að síður til 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 til stuðnings bóta-kröfu sinni. Er nánar tiltekið á því byggt að jafnvel þótt stefnandi hafi ekki sætt þvingunarúrræðum við meðferð sakamálsins og geti þar af leiðandi ekki byggt bóta-kröfur sínar á hlutlægrri ábyrgð geti hann engu að síður reist bótarétt sinn á 1. mgr. 246. gr., en þá með vísan til sakar, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til fyrrnefndra dóma Hæstaréttar frá 1. mars 2001 í máli nr. 269/2000 og 6. mars 2019 í máli nr. 27/2018, svo og til dóms Landsréttar frá 11. október 2019 í máli nr. 804/2018.
- 76 Á þennan skilning stefnanda verður ekki fallist. Það er þó rétt að maður sem sakaður hefur verið um refsiverða háttsemi kann ekki aðeins að eiga rétt á bótum á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar, sbr. 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, að uppfylltum þeim

skilyrðum sem þar eru nefnd, heldur kann hann einnig, og óháð því, að eiga rétt á skaðabótum vegna fjártjóns og miska hafi lögreglumenn eða handhafar ákærvalds valdið honum tjóni með saknæmum og ólögætum hætti.

- 77 Myndi bótaskylda í slíku tilviki, og að öðrum skilyrðum uppfylltum, byggja á sakarreglu íslensks skaðabótaréttar, eða eftir atvikum á reglunni um vinnuveitanda-ábyrgð, svo og á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að því er miska varðar, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar frá 6. maí 2009 í máli nr. 445/2008 og 25. maí 2020 í máli nr. 52/2019, svo og dóma Landsréttar frá 11. október 2019 í máli nr. 808/2018 og 16. desember 2022 í máli nr. 599/2021. Ekki er hins vegar hægt að byggja bótakröfu á grundvelli sakar á 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, eins og stefnandi heldur fram, þar sem það ákvæði mælir aðeins fyrir um hlutlæga bótaábyrgð en ekki ábyrgð á grundvelli sakar.
- 78 Við yfirlestur stefnu í málinu verður ekki séð að stefnandi byggi kröfur sínar um skaðabætur á sakarreglu íslensks skaðabótaréttar, heldur er sem fyrr segir látið nægja að vísa til 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, sem fjallar sem fyrr segir um hlutlæga ábyrgð en ekki um ábyrgð vegna sakar. Einnig er í stefnu vísað til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, sem aðeins varðar ófjárhagslegt tjón (miska) en ekki bætur vegna fjártjóns.
- 79 Samkvæmt 2. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála má dómari ekki byggja niðurstöðu sína á málsástæðu sem hefði átt að koma fram en gerði það ekki við meðferð máls. Sé atviks getið í framlögðu skjali en aðili hefur ekki hreyft því sérstaklega sem málsástæðu við flutning máls getur dómari þó metið það eftir atvikum hvort sú málsástæða komi til greina.
- 80 Í bréfi, dags. 13. febrúar 2020, skoraði stefnandi á embætti ríkislögmans að viðurkenna bótaskyldu ríkisins vegna atriða sem stefnandi taldi að hefði verið ábótavant við rannsókn og meðferð framangreinds sakamáls á hendur honum. Sagði svo í bréfinu: *Þegar allt ofangreint er virt er enginn vafi á því að umbjóðandi minn á rétt á bótum frá íslenska ríkinu, sbr. 246. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993 og almennar ólögfestar reglur skaðabótaréttar. [...] Skal það áréttað að ekki er byggt á hlutlægri bótaskyldu, skv. 2. mgr. 246. gr., heldur bótaskyldu á grundvelli sakarreglunnar, sbr. 1. mgr. sama ákvæðis.*

- 81 Sambærileg sjónarmið komu jafnframt fram af hálfu stefnanda í beiðni hans til dómsmálaráðuneytisins, dags. 24. febrúar 2021, þar sem óskað var eftir gjafsóknarleyfi til að reka mál þetta fyrir dómstólum. Þá hefur vörn stefnda miðast við að stefnandi byggi mál sitt á sakarreglunni og reglunni um vinnuveitandaábyrgð.
- 82 Að þessu virtu og að öðru leyti með vísan til þess sem að framan er rakið verður að telja nægilega í ljós leitt að stefnandi byggi kröfu sína í máli þessu á sakarreglu íslensks skaðabótaréttar, þrátt fyrir að ekki sé vísað sérstaklega til þeirrar reglu í stefnu málsins. Þá verður sömuleiðis að telja að dóminum sé fært að byggja niðurstöðu sína í málinu á þeirri málsástæðu kjósi hann að gera það, sbr. 2. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991, enda verður ekki séð að það hafi komið niður á vörnum stefnda í málinu að sakarreglunnar hafi ekki verið getið sérstaklega í stefnu. Þá er enn fremur vitnað til reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitandaábyrgð í stefnu.
- 83 Samkvæmt sakarreglunni og reglunni um vinnuveitandaábyrgð kann sá er verður fyrir tjóni, fjártjóni eða miska, vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi lögreglu eða handhafa ákærvalds, athafna eða athafnaleysis, við rannsókn eða meðferð sakamáls, að eiga rétt á skaðabótum, enda sé tjón hans sennileg afleiðing af þeirri háttsemi. Sönnunarbyrði um að um hafi verið að ræða saknæma og ólögmæta háttsemi, svo og um það að háttsemin hafi leitt til tjóns og hvert sé umfang tjónsins, hvílir á tjónþola, í þessu tilviki á stefnanda. Ber hann jafnframt sönnunarbyrði um að tjónið sé sennileg afleiðing af hinni saknæmu og ólögmætu háttsemi.
- 84 Samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er heimilt að láta þann sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Meingerðin verður samkvæmt orðanna hljóðan að vera ólögmæt. Í því felst meðal annars að um saknæma hegðun sé að ræða. Ráða má af ummælum í athugasemdum við þessa grein í frumvarpi til skaðabótalaga, sem síðar urðu lög nr. 50/1993, að gáleysi myndi þurfa að vera verulegt til þess að tjónsatvik yrði talið ólögmæt meingerð. Af dómaframkvæmd má ráða að lægsta stig gáleysis uppfylli ekki kröfu þessa ákvæðis um ólögmæta meingerð, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar frá 13. maí 2015 í máli nr. 678/2014.

*Um rannsókn sakamáls, ákvörðun um saksókn, sönnunarbyrði o.fl.*

- 85 Markmið rannsóknar sakamáls er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að fært sé að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008. Þeir sem

- vinna að rannsókn sakamála skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu eða sektar, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Þeim ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er. Þeir sem rannsaka sakamál skulu enn fremur gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur, sbr. 3. mgr. sömu greinar.
- 86 Hlutverk ákæranda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Ákærendur eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákæruvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 88/2008. Skulu ákærendur vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Þá ber þeim jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi rannsóknar- og ákæruvalds í landinu, sbr. 1. mgr. 20. gr. og 1.-3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/2008.
- 87 Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann að jafnaði mál á hendur sakborningi, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008. Sérhver refsiverð háttsemi skal sæta ákæru nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. 142. gr. sömu laga. Ef fleiri menn en einn eru sóttir til saka fyrir þátttöku í sama verknaði skal það gert í einu máli nema annað þyki hagkvæmara, sbr. 2. mgr. 143. gr. sömu laga.
- 88 Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 skal í ákæru greina svo glögg sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla ef því er að skipta. Hraða skal meðferð máls fyrir dómi eftir föngum, sbr. 3. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 171. gr. laga nr. 88/2008.
- 89 Þeir sem fara með rannsókn sakamáls og ákæruvald samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála eru stjórnvöld í skilningi stjórnisýsluréttar. Af því leiðir að þessir aðilar eru, eftir því sem við getur átt, bundnir við lögfestar og ólögfestar reglur stjórnisýsluréttarins við meðferð þess valds sem þeim er fengið að lögum. Vegna sér-eðlis sakamála gilda reglur stjórnisýsluréttarins þó ekki að öllu leyti um rannsókn og saksókn í sakamálum, en þeir sem fara með rannsóknar- og ákæruvald verða þó

meðal annars að gæta jafnræðis við meðferð mála, sbr. t.a.m. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Eins ber þeim að byggja ákvarðanir sínar á málefnalegum sjónarmiðum, þ.á m. ákvörðun um að sækja mann til sakar með útgáfu ákæru, sbr. 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008.

- 90 Í sakamálu hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008. Dómari metur það hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verður vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Af 108. gr. laganna leiðir hins vegar að allan vafa í þessum efnum ber að túlka sakborningi í hag.

*Um heimild dómstóla til að endurskoða ákvörðun um saksókn o.fl.*

- 91 Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus um sekt hans er sönnuð að lögum, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 62/1994. Stefnandi var sem fyrr segir sýknaður með dómi Landsréttar [...] 2019 í máli nr. [...], sem var endanlegur dómur í máli ákæruvaldsins á hendur honum. Samkvæmt því er hafið yfir allan vafa að stefnandi telst saklaus af þeim sakargiftum sem á hann voru bornar með ákæru embættis sérstaks saksóknara á hendur honum, dags. [...] 2016.
- 92 Með málalíbúnaði sínum í því máli sem hér er til meðferðar krefst stefnandi í raun endurskoðunar og endurmats á því hvort tilefni hafi verið til að gefa út ákæru á hendur honum á sínum tíma eða ekki. Færir stefnandi meðal annars fyrir því rök að aldrei hefði átt að ákæra hann fyrir þá háttsemi sem honum var gefin að sök samkvæmt ákærunni. Byggja bótakröfur stefnanda í máli þessu sömuleiðis á þeim forsendum að ákvörðun um útgáfu þeirrar ákæru, ásamt undanfarandi og eftirfarandi meðferð sakamálsins, hafi falið í sér saknæma og ólögmeða háttsemi af hálfu starfsmanna embættis sérstaks saksóknara, sem hafi leitt til fjártjóns og miska fyrir hann.
- 93 Almennt er talið að heimildir dómstóla til að endurskoða ákvarðanir stjórnvalda, sem byggja á lögbundnu mati þeirra, séu takmörkunum háðar. Þá hefur það ekki verið talið á færi dómstóla að taka nýjar ákvarðanir um málefni, sem stjórnvöldum eru falin með lögum, í stað ákvarðana sem ógiltar hafa verið með dómi, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar, nema stjórnvöld hafi ekki neitt svigrúm til mats við þá ákvörðun. Dómstólar hafa þó, almennt séð, talið sig hafa heimild til þess samkvæmt 60. gr.

stjórnarskrárinnar að fjalla um það hvort ákvarðanir stjórnvalda séu byggðar á lög-  
mætum grunni, þ.e. hvort slíkar ákvarðanir hafi verið teknar í samræmi við ákvæði  
laga og hvort efni þeirra sé í samræmi við lög.

- 94 Sjálfstæði ákærvaldsins og víðtækar heimildir þess til meðferðar á valdheimildum  
sínnum, ekki síst valdheimildum sem byggjast á mati sem ákærvaldinu er falið að  
lögum, hafa margsinnis verið staðfestar í dómaframkvæmd. Má þar meðal annars  
vísa til dóma Hæstaréttar frá 29. nóvember 2001 í máli nr. 178/2001, 8. maí 2008 í  
máli nr. 207/2008, 26. október 2011 í máli nr. 578/2011, 21. september 2017 í máli  
nr. 516/2016 og 20. desember 2018 í máli nr. 30/2018.
- 95 Ákvörðun embættis sérstaks saksóknara um að gefa út ákæru á hendur stefnanda og  
fleirum, sbr. áður nefnda ákæru, dags. [...] 2016, hefur þegar sætt efnislegri  
endurskoðun fyrir dómstólum, á grundvelli laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.  
Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2018 í máli nr. S[...] var fallist á sjónarmið  
og kröfur ákærvaldsins, að undangenginni sönnunarfærslu og málflytningi.  
Stefnandi var hins vegar, eins og áður segir, sýknaður af þeim sökum sem á hann  
höfðu verið bornar í ákæru með dómi Landsréttar [...] 2019 í máli nr. [...].
- 96 Ólíkt því sem var í framangreindu sakamáli, þar sem ætla má að dómurinn hafi fengið  
afrit af þeim gögnum sem lágu til grundvallar útgáfu ákæru í málinu, hefur dómur í  
þessu máli ekki haft aðgang að þeim gögnum sem lágu til grundvallar ákvörðun  
embættis sérstaks saksóknara um að gefa út ákæru á hendur stefnanda og fleirum  
þann [...] 2016. Þá hefur engin sönnunarfærsla farið fram fyrir dómnum varðandi  
það sakarefni sem ákært var fyrir í framangreindu máli, andstætt því sem var í  
sakamálinu sjálfu, auk þess sem aðild þessa máls er önnur en aðild að sakamálinu.
- 97 Þá verður jafnframt að setja þann almenna fyrirvara að jafnvel þótt maður hafi með  
dómi verið sýknaður af sök í sakamáli og sé samkvæmt því saklaus af þeim  
sakargiftum sem á hann höfðu verið bornar, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og  
2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þá er ekki sjálfkrafa  
hægt að draga þá ályktun af niðurstöðu sakamálsins, einni og sér, að ákvörðun  
ákærvaldsins um að gefa út ákæru á hendur honum hafi verið saknæm og ólögmat.
- 98 Af lögum um meðferð sakamála má glögglega ráða að ákvörðun um saksókn er í eðli  
sínu matskennd ákvörðun. Við slíka ákvörðun reynir óhjákvæmilega á faglegt mat  
þess eða þeirra sem ákvörðunina taka, en þeim er beinlínis ætlað að leggja faglegt  
mat á það annars vegar hvort rannsókn máls sé lokið og hins vegar hvort það sem

- fram hefur komið við rannsókn málsins teljist nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008. Niðurstaða þess mats ræður meðal annars framhaldi málsins, þ.m.t. því hvort ákæra er gefin út eða ekki. Mat ákæranda í þessum efnunum kann að vera rétt eða rangt, en jafnvel þótt það sé rangt er ekki þar með sjálfgefið að ákvörðunin sjálf, þ.e. ákvörðun um útgáfu ákæru, sé saknæm eða ólögmat.
- 99 Eins og áður segir var það niðurstaða embættis sérstaks saksóknara, eftir að hafa lagt heildstætt mat á rannsóknargögn málsins, að gefa út ákæru á hendur stefnanda og fleirum [...] 2016, [...]. Byggði sú ákvörðun lögum samkvæmt á því mati embættisins að rannsókn málsins væri lokið og að það sem fram hefði komið við rannsóknina væri nægilegt eða líklegt til sakfellis í málinu, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008.
- 100 Verður ekki séð, með hliðsjón af því sem rakið er hér að framan og með vísan til þess sjálfstæðis og víðtæka svigrúms til mats sem ákæruvaldinu er fengið að lögum, að dóminum sé heimilt eða fært, í einkamáli, að endurmeta með afturvirkum hætti ákvörðun ákæruvaldsins um það hvort tilefni hafi verið til að ákæra stefnanda eða ekki á sínum tíma. Mat ákæruvaldsins í þessu tilliti getur með öðrum orðum ekki sætt endurmati dóms í þessu máli, sbr. t.a.m. dóma Hæstaréttar frá 26. október 2011 í máli nr. 578/2011 og frá 25. maí 2020 í máli nr. 52/2019.
- 101 Á hinn bóginn verður að ætla að dómurinn geti eigi að síður lagt mat á það hvort löglega hafi verið staðið að þeirri ákvörðun embættis sérstaks saksóknara að gefa út ákæru á hendur stefnanda og fleirum, svo sem hvort hún hafi verið tekin af réttum aðila, og hvort sú ákvörðun hafi verið í samræmi við lög, þ.m.t. hvort hún hafi verið byggð á málefnalegum forsendum o.s.frv. Stefnandi, sem heldur því fram að ákvörðunin hafi verið saknæm og ólögmat, ber þó eftir sem áður sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni. Verður hann sömuleiðis að bera halla af því takist honum ekki sú sönnun.
- 102 Að þessu virtu og öðru sem fram er komið í málinu og með hliðsjón af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn af aðilum þess verður ekki annað séð en að ákvörðun embættis sérstaks saksóknara um að gefa út ákæru á hendur stefnanda hafi byggst á lögum og verið í samræmi við lög. Ákvörðunin var tekin af þeim aðila sem fór með ákæruvald í málinu og ekki verður betur séð en að réttum reglum hafi verið fylgt við töku ákvörðunarinnar sem slíkrar. Þá verður ekki annað séð en að ákvörðunin hafi byggst á málefnalegum forsendum, jafnvel þótt stefnandi hafi síðar

verið sýknaður af sakargiftum í málinu með dómi Landsréttar [...] 2019 í máli nr. [...]. Stefnandi ber sönnunarbyrði um hið gagnstæða og verður ekki talið að honum hafi tekist sú sönnun.

*Um meint brot gegn hlutlægnisskyldu og tilhögun og efni ákæru*

103 Stefnanda gafst færi á að finna að því við meðferð sakamálsins á hendur honum, fyrir héraðsdómi og fyrir Landsrétti, teldi hann að ekki hefði verið gætt að hlutlægnisskyldu við rannsókn málsins, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008. Þá gafst honum sömuleiðis tækifæri til að finna að því teldi hann að ranglega hefði verið staðið að ákvörðun um að gefa út ákæru á hendur honum, þar með talið að ekki hefði verið gætt fyrir mæla c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 við útgáfu ákærunnar og að ákæran væri villandi og rýr um þátt stefnanda. Hefði hann þá einnig getað byggt á þeirri vörn, teldi hann ástæðu til, að ákærvaldið hefði brostið heimild til að saksækja hann í sama máli og samstarfsmenn hans, sem hann telur sig ekki hafa átt neitt sammerkt með, hvorki að því er varðaði aðstöðu né athafnir, og að saksóknara hefði borið að gefa út sjálfstæða ákæru á hendur stefnanda einum, eða að öðrum kosti að fella málið niður.

104 Þrátt fyrir framangreint verður ekki séð af greinargerðum stefnanda í sakamálinu, hvorki af greinargerð hans fyrir héraðsdómi né af greinargerð hans fyrir Landsrétti, sem báðar liggja frammi í máli þessu, að á þessum málsástæðum hafi sérstaklega verið byggt í sakamálinu sjálfu, þó svo að kröfur hans í þessu máli séu á þeim reistar. Hefði stefnandi byggt á framangreindum vörnum í sakamálinu hefði dómur í því, fyrst héraðsdómur og síðar Landsréttur, átt þess kost að taka afstöðu til þessara málsástæðna stefnanda í því máli.

105 Við athugun á ákæru í máli ákærvaldsins á hendur stefnanda, sem frammi liggur í máli þessu, má enn fremur ráða að hann hafi verið talinn hafa átt viðskipti í 28 daga af 331 dags ákærutímabili, nánar tiltekið á tímabilinu [...] til [...] 2007, en ekki yfir allt tímabilið, þ.e. til [...] 2008, eins og stefnandi heldur fram, jafnvel þótt heildarháttsemin sem ákært var fyrir hafi náð yfir alls 331 dag. Í Landsrétti var dregið enn frekar úr því, hvað stefnanda varðaði, er fallið var frá ákæru að því er varðaði viðskipti með eigin bréf X hf. undir auðkenni stefnanda í alls sjö daga í [...] 2007. Samkvæmt því átti stefnandi viðskipti í 21 dag af þeim 331 degi sem ákæran tók til.

106 Þá er það einnig meginregla samkvæmt 2. mgr. 143. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að séu fleiri menn en einn sóttir til saka fyrir þátttöku í sama verknaði skuli

það gert í einu máli nema annað þyki hagkvæmara. Mat um þetta er samkvæmt orðanna hljóðan og eðli máls samkvæmt í höndum ákærvaldsins, en ekki í höndum sakbornings.

- 107 Stefnandi hefur fundið að því að hann hafi þurft að eyða miklum tíma með verjanda sínum við að yfirfara gögn hjá embætti sérstaks saksóknara sem ekki hafi verið lögð fram af hálfu ákærvaldsins í nefndu sakamáli. Þau gögn hafi síðar leitt til þess að hann hafi verið sýknaður af kröfum ákærvaldsins og sök í málinu fyrir Landsrétti.
- 108 Samkvæmt 1. mgr. 158. gr. laga nr. 88/2008 er sakamál þingfest þegar ákæra og önnur málsgögn af hálfu ákærvaldsins eru lögð fram á dómþingi. Þau gögn sem lögð eru fram með ákæru í sakamáli eru samkvæmt þessu gögn ákærvaldsins, en ekki gögn verjanda. Ákærvaldið ber þó hlutlægnisskyldu í málinu, sbr. 3. mgr. 18. gr. sömu laga, og ber í því samhengi að vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og að gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Sakborningur og verjandi hans eiga að sama skapi rétt á að leggja fram gögn af hálfu sakbornings, sbr. t.a.m. 2. mgr. 164. gr. og 1. og 2. mgr. 165. gr. sömu laga, sbr. og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.
- 109 Þótt ákærvaldinu hafi yfirsést gögn, sem sakborningur eða verjandi telja ástæðu til að leggja fram, felur það alla jafna ekki í sér saknæma háttsemi af hálfu þeirra sem með ákærvald fara. Má sömuleiðis ætla, eðli máls samkvæmt, að mikið þurfi til svo að ákærvaldið verði talið bera skaðabótaábyrgð á þeim grundvelli að það hafi látið hjá líða að leggja fram tiltekin gögn í sakamáli. Stefnandi ber sönnunarbyrðina um að svo hafi verið í þessu máli. Verður ekki talið að honum hafi tekist slík sönnun og verður hann að bera halla af því.
- 110 Að öllu framangreindu virtu er ekki hægt að fallast á að þær málsástæður stefnanda sem raktar eru hér að framan geti leitt til þess að kröfur hans í þessu máli verði teknar til greina. Verður að telja að rétt hefði verið að láta á þær reyna í sakamálinu sjálfu, hygðist stefnandi byggja á þeim máli sínu til stuðnings, þannig að unnt væri að fá úrlausn um þær á viðeigandi vettvangi. Þá hefur sömuleiðis ekki verið færð fram sönnun fyrir því í þessu máli, að virtum gögnum málsins og þeim skýrslum sem gefnar voru við aðalmeðferð þess, að embætti sérstaks saksóknara hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 88/2008 um hlutlægnisskyldu við rannsókn eða meðferð sakamálsins, eða að efni ákæru á hendur stefnanda hafi verið þannig að það geti leitt til bóta-

skyldu í máli þessu. Verður stefnandi sem fyrr segir að bera halla af þeim sönnunar-skorti.

*Um það hvort stefnandi hafi verið sviptur réttinum til réttlátrar málsmeðferðar o.fl.*

111 Stefnandi byggir kröfur sínar enn fremur á því að þar sem saksóknari hafi með ólög-mætum hætti tekið sér það vald að draga hann inn í flókið og viðamikið sakamál hafi þegar í upphafi verið ljóst að málsmeðferðin fyrir dómi gæti ekki orðið réttlát eða í samræmi við mannréttindasjónarmið. Hafi það meðal annars komið niður á vörnum stefnanda í sakamálinu og hann sviptur réttinum til réttlátrar málsmeðferðar, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Hafi við málsmeðferðina í heild ekki verið gætt að réttindum stefnanda sem sakbornings, auk þess sem brotið hafi verið gegn reglu sakamála-réttarfars um málshraða, sbr. 3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 171. gr. laga nr. 88/2008.

112 Má í þessu samhengi vísa til þess sem að framan segir um rannsókn og ákæru í saka-málinu. Verður ekki betur séð en að stefnandi hafi átt þess kost að koma að þeim vörnum í sakamálinu sem hann taldi tilefni til og í því samhengi fengið þann tíma og aðstöðu sem nauðsynleg var, sbr. meðal annars b-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Naut hann sömuleiðis aðstoðar löglærðs verj-anda á grundvelli ákvæða laga nr. 88/2008 við málsvörn sína, sbr. og c-liðar 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Skilaði skipaður verjandi stefnanda meðal annars skriflegum greinargerðum fyrir hans hönd, bæði til héraðs-dóms og Landsréttar, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008. Verður því ekki annað séð en að meðferð málsins hafi verið réttlát að þessu leyti. Þá er ekki hægt að fallast á það með stefnanda að brotið hafi verið gegn a-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, við höfðun sakamáls á hendur honum.

113 Hvað málshraðann varðar sérstaklega, þá er ljóst að langur tími leið frá upphafi rannsóknar málsins og þar til ákæra var gefin út [...] 2016. Var sérstaklega að því fundið í dómi Landsréttar [...] 2019 í máli nr. [...] þar sem sagði meðal annars orðrétt: *Þá hefur ákærvaldið ekki getað gefið skýringu á því af hverju tæp fimm ár liðu frá því að kæran barst til sérstaks saksóknara þar til ákæra í málinu var gefin út.* Nokkru síðar segir í dómi Landsréttar: *Með hliðsjón af hinum miklu og óútskýrðu töfum er óhjákvæmilegt að binda refsinguna skilorði svo sem í dómsorði greinir.*

114 Stefnandi hlaut ekki refsídóm með dómi Landsréttar heldur var hann sýknaður af

öllum sakargiftum eins og áður segir. Því kom ekki til þess í hans tilviki að refsing yrði skilorðsbundin vegna tafa á rannsókn málsins og útgáfu ákæru. Sá dráttur sem þar varð á, sbr. framangreinda umfjöllun Landsréttar, hefur hins vegar ekki verið skýrður eða réttlættur með fullnægjandi hætti í því máli sem hér er til meðferðar, ekki frekar en í sakamálinu.

115 Af gögnum þessa máls má ráða að kæra hafi borist frá fjármálaeftirlitinu í lok [...] 2011. Skýrslutökur á rannsóknarstigi hafi hafist síðar á því ári og að mestu leyti verið lokið á árinu 2013. Stefnandi var sem fyrr segir fyrst yfirheyrður sem sakborningur í málinu [...] 2011 og aftur [...] 2013. Ákæra var sem fyrr segir gefin út [...] 2016. Voru þá liðin tæp fimm ár frá því að kæra barst, rúm tvö ár frá því að skýrslutökum lauk að mestu leyti og tæp þrjú ár frá því að ákæru voru gefnar út í áþekktum málum vegna [...] hf. og [...]hf. Hefur þessi dráttur sem fyrr segir ekki verið skýrður með fullnægjandi hætti.

116 Að því virtu er fallist á það með stefnanda að meðferð málsins hafi hvað málshraða varðar brotið í bága við 3. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þar sem of langur tími hafi liðið frá upphafi rannsóknar og til útgáfu ákæru í máli ákæruvaldsins gegn stefnanda og fleirum. Ekki er hins vegar fallist á að meðferð málsins fyrir dómstólum hafi tekið óeðlilega langan tíma, sbr. 1. mgr. 171. gr. laga nr. 88/2008.

117 Þá verður hvorki talið að vörnum stefnanda í sakamálinu hafi verið áfátt sökum þessa né heldur að stefnandi hafi að öðru leyti verið sviptur réttinum til réttlátrar málsmeðferðar, sbr. framangreind ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Á sama hátt verður ekki séð að brotið hafi verið gegn rétti stefnanda til að teljast saklaus uns sekt hans teldist sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

*Um svar stefnda við kröfu um afstöðu til bótaskyldu*

118 Stefnandi hefur fundið að því að sá starfsmaður embættis sérstaks saksóknara, og síðar héraðssaksóknara, sem hafi undirritað ákæru og farið með saksókn málsins hafi jafnframt veitt embætti ríkislögmans umsögn vegna kröfu stefnanda um að afstaða yrði tekin til bótaskyldu. Afstaða hafi auk þess verið tekin til erindis stefnanda án fullnægjandi rannsóknar, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, og stefnanda ekki verið gefinn kostur á að gæta andmælaréttar, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga, áður en

afstaða var tekin til kröfu hans um viðurkenningu á bótaskyldu í málinu.

- 119 Samkvæmt athugasemdum við 1. gr. í frumvarpi til stjórnslulaga, sem síðar varð að stjórnslulögum nr. 37/1993, falla ákvarðanir um skaðabætur almennt séð utan gildissviðs stjórnslulaganna, nema um sé að ræða eignarnámsbætur eða bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar. Verður þegar af þeirri ástæðu að hafna því að stefndi hafi brotið gegn 10. gr. eða 13. gr. stjórnslulaga er afstaða var tekin til kröfu stefnanda um viðurkenningu á bótaskyldu, sbr. bréf embættis ríkislögmans til lögmans stefnanda, dags. 11. mars 2020, þar sem ekki verður séð að þessi lagaákvæði hafi átt við um svar ríkislögmans.
- 120 Að mati dómsins er það auk þess í höndum stefnda, en ekki þess sem bóta krefst, að ákveða til hverra stefndi leitar eftir upplýsingum áður en afstaða er tekin til kröfu um viðurkenningu bótaskyldu í tilteknu máli. Þá verður ekki séð að neitt sé því til fyrirstöðu lögum samkvæmt að stefndi leiti til þess eða þeirra sem þekkingu hafa á máli við slíka upplýsingaöflun. Þá hefur það sömuleiðis ekki verið útskýrt í málinu, óháð öðru, hvernig þessar málsástæður stefnanda gætu leitt til þess að taka bæri kröfur hans í málinu til greina, jafnvel þótt þessar málsástæður ættu rétt á sér.

#### *Um meint fjártjón stefnanda*

- 121 Stefnandi telur sig sem fyrr segir hafa orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni, bæði fjártjóni og miska, vegna þeirrar ákvörðunar embættis sérstaks saksóknara að gefa út ákæru á hendur honum [...] 2016, svo og vegna undanfarandi rannsóknar og eftirfarandi meðferðar málsins fyrir dómstólum, sem lauk eins og áður segir [...] 2019 með dómi Landsréttar þann dag í máli nr. [...].
- 122 Krafa stefnanda vegna fjártjóns nemur alls 27.879.000 krónum. Er krafan tvíþætt. Byggir hún annars vegar á því að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni vegna sakamálsins, þar sem framgangur hans í starfi hafi ekki orðið sá sem hann annars hefði orðið ef ekki hefði komið til ákæru og sakamálameðferðar. Nemur meint tjón hans vegna þessa liðar 27.399.000 krónum. Hins vegar kveðst stefnandi hafa orðið fyrir tjóni, þar sem hann hafi þurft að leita sér sálfræðiaðstoðar vegna sakamálsins. Nemur ætlað tjón hans vegna þess 480.000 krónum.
- 123 Undir rekstri málsins aflaði stefnandi matsgerðar dómkvaddis matsmanns, sem beðinn var um að svara tveimur matsspurningum. Annars vegar var matsmaður beðinn um að meta hvort hann teldi vera mismun á þeim ævitekjum sem stefnandi hefði mátt vænta ef ekki hefði komið til ákæru og þeim ævitekjum sem stefnandi mætti vænta í

lifanda lífi. Hins vegar var hann beðinn um að meta, ef hann teldi að það væri mismunur á ofangreindum fjárhæðum, hver sá mismunur þá væri.

124 Dómkvaddur matsmaður skilaði matsgerð þann 25. júní 2022. Komst hann að þeirri niðurstöðu að mismunur væri á þeim ævitekjum sem stefnandi hefði mátt vænta, ef ekki hefði komið til sakamárameðferðar, og þeim ævitekjum sem hann hafi mátt vænta í lifanda lífi, þ.e. á tímabilinu 2011–2022. Sá munur næmi alls 20.396.000 krónum. Matsmaður reiknaði sömuleiðis 4,5% vexti á ári til loka júní 2022 og nam sú fjárhæð alls 4.835.000 krónum. Virði tapaðra lífeyrisréttinda taldi matsmaður nema 2.168.000 krónum í júní 2022. Alls næmi mismunur á þeim ævitekjum sem stefnandi hefði mátt vænta, ef ekki hefði komið til ákæru, og ævitekjum hans í lifanda lífi tímabilið 2011–2022 því 27.399.000 krónum.

125 Stefndi telur að verulegir ágallar séu á matinu, einkum varðandi þær forsendur sem matsmaður hafi gefið sér. Þannig hafi matsmaður meðal annars gefið sér, án nokkurs rökstuðnings og gegn andmælum stefnda, að víst mætti telja að stefnandi hefði ekki átt kost á ábyrgðarstöðu eða áberandi stöðu innan [...]ráðuneytisins á meðan hann hafi haft stöðu sakbornings í framangreindu sakamáli. Jafnframt liggi engin gögn fyrir um það í málinu að stefnandi hafi sóst eftir eða farið á mis við störf eða aukastörf, innan eða utan ráðuneytisins, sem ætlað tjón samkvæmt matsgerð virðist byggja á. Þá taldi stefndi að samanburður sem notaður var í matsgerð ætti ekki rétt á sér þar sem rangar eða ófullnægjandi forsendur hefðu verið lagðar til grundvallar honum. Þá lægi ekki fyrir að ætlað tjón væri sennileg afleiðing af meðferð sakamálsins.

126 Við vinnslu matsgerðar sinnar gaf matsmaður sér þá grunnforsendu að stefnandi hefði verið frjál Sari með að velja sér starfsvettvang, t.d. hjá fjármálafyrirtækjum eða á frjálsum vinnumarkaði, ef ekki hefði komið til umræddra dómsmála. Þá gaf hann sér einnig að telja mætti víst að stefnandi hefði ekki átt kost á ábyrgðarstöðu eða áberandi stöðu innan [...]ráðuneytisins á meðan hann hefði haft stöðu sakbornings sem var sem fyrr segir á tímabilinu 2011–2019.

127 B, fyrrum yfirmaður stefnanda hjá [...]ráðuneytinu, gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Greindi hann meðal annars frá því að meðferð sakamálsins hefði ekki haft bein áhrif á störf stefnanda hjá ráðuneytinu, að öðru leyti en því að hann hefði, vegna sakamárameðferðarinnar, ekki þótt koma til greina sem stjórnar-maður í lífeyrissjóðum þar sem ráðuneytið hefði rétt til að skipa stjórnarmann. Um fá sæti

hefði þó verið að ræða, en hæfi væri einn þeirra þátta sem litið væri til við skipun stjórna lífeyrissjóða. Hinir þættirnir væru hæfni og kyn. Hafi það komið sérstaklega til skoðunar hvort stefnandi gæti tekið sæti sem varamaður í stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga en ekki orðið af því.

128 Fallast verður á það með stefnda að ekki hafi verið færðar á það sönnur í máli þessu að framgangur stefnanda í starfi hefði orðið annar en hann varð, hvorki innan né utan [...]ráðuneytisins, jafnvel þótt ekki hefði komið til ákæru og sakamárameðferðar. Verður stefnandi að bera halla af þeim sönnunarskorti. Liggur til að mynda ekkert fyrir um að stefnandi hafi sóst eftir störfum en ekki fengið, hvorki innan né utan ráðuneytisins. Þá verður ekki talið sannað að sakamálið hafi haft hamlandi áhrif á störf stefnanda eða stöðu innan ráðuneytisins. Þvert á móti verður ekki betur séð en að stefnandi hafi fengið framgang í starfi sínu þar, gegnt trúnaðarstörfum og setið í samninganefnd og verið staðgengill skrifstofustjóra í lok starfstíma síns í ráðuneytinu. Fær það meðal annars stuðning í því sem fram kom í skýrslu vitnisins B fyrir dómi. Þá er óljóst hvað stefnandi hefði fengið greitt fyrir stjórnarsetu í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, hefði hann komið til greina í það sæti, en varamönnum í stjórn var greitt fyrir hvern fund sem þeir sátu samkvæmt framburði vitnisins B.

129 Þar sem dómurinn getur ekki fallist á þá grundvallarforsendu matsgerðarinnar að sannað sé að framgangur stefnanda í starfi hefði orðið annar en hann varð, ef ekki hefði komið til ákæru og sakamárameðferðar, er jafnframt ástæða til að efast um þær niðurstöður matsgerðarinnar að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni í formi lægri tekna og tapaðra lífeyrisréttinda vegna sakamálsins. Verður matsgerðin þegar af þeirri ástæðu ekki lögð til grundvallar dómi í málinu, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar frá 27. mars 2020 í máli nr. 393/2019.

130 Er samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til þess sem rakið er hér að framan ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir tekjutjóni vegna ákvörðunar embættis sérstaks saksóknara um að gefa út ákæru á hendur honum, vegna rannsóknar málsins eða eftirfarandi sakamárameðferðar, eða vegna þeirra tafa sem urðu á útgáfu ákæru í málinu. Verður stefnandi að bera halla af þeim sönnunarskorti.

131 Stefnandi krefst enn fremur greiðslu útlagðs kostnaðar vegna sálfræðiaðstoðar, alls 480.000 króna. Stefnandi hefur lagt fram vottorð C, sálmeðferðar-fræðings, dags. 30. janúar 2023, til staðfestingar á því að stefnandi hafi sótt hjá honum samtals 24 tíma.

Þá hefur hann lagt fram vottorð sama aðila, dags. 7. september 2020. C kom sömuleiðis fyrir dóm sem vitni við aðalmeðferð málsins og staðfesti vottorð sín og að stefnandi hefði verið til meðferðar hjá honum. Upplýsti vitnið að stefnandi hefði í raun sótt fleiri tíma en þá 24 sem nefndir eru að framan, en þeir tímar sem umfram hafi verið hafi verið greiddir af þriðja aðila. Tímagjaldið væri 20.000 krónur.

- 132 Þrátt fyrir framangreint hafa ekki verið lögð fram gögn til staðfestingar á því að stefnandi hafi orðið fyrir kostnaði vegna sálfræðiaðstoðar, svo sem reikningar, greiðslukvittanir eða viðskiptayfirlit. Þá verður samkvæmt framansögðu ekki séð að þessi kostnaður sé til kominn vegna saknæmrar og ólögmatrar háttsemi starfsmanna embættis sérstaks saksóknara. Verður þegar af þeirri ástæðu að hafna þeirri kröfu stefnanda að stefndi verði látinn bera þennan kostnað. Að því virtu og öðru sem rakið er hér að framan verður stefndi sýknaður af kröfu stefnanda um skaðabætur vegna fjártjóns.

*Um ófjárhagslegt tjón stefnanda (miska)*

- 133 Að mati dómsins er ekki ástæða til að efast um að ákvörðun embættis sérstaks saksóknara um að ákæra stefnanda og eftirfarandi meðferð málsins fyrir dómstólum hafi haft verulega íþyngjandi áhrif á líf hans og líðan, en stefnandi hefur lýst því að hann hafi meðal annars upplifað skömm og andlega vanlíðan. Útgáfa ákæru felur eðli máls samkvæmt í sér inngríp í persónuleg málefni þess sem ákærður er og getur valdið honum margs konar óhagræði. Á þeim sem rannsaka mál hvílir hins vegar sú skylda að gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er eftir því sem stendur á, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008.
- 134 Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að sá óútskýrði dráttur sem varð á útgáfu ákæru í máli ákæruvaldsins gegn stefnanda hafi brotið í bága við 3. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. einnig 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þar sem of langur tími hafi liðið frá upphafi rannsóknar og til útgáfu ákæru í sakamálinu. Þykir stefnandi eiga rétt á miskabótum vegna þessara tafa, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar frá 10. apríl 2003 í máli nr. 338/2002, 17. febrúar 2005 í máli nr. 370/2004 og 25. maí 2020 í máli nr. 52/2019, svo og dóm Landsréttar frá 11. október 2019 í máli nr. 808/2018. Meta ber þennan óhæfilega drátt sem brot gegn friði og æru stefnanda. Eru bætur vegna þessa ákveðnar að álitum og þykja þær hæfilega metnar 750.000 krónur.

135 Að öðru leyti er ekki hægt að fallast á að saknæmisskilyrðum b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga sé fullnægt eins og hér stendur á, þ.e. að sönnun hafi verið færð fyrir því í máli þessu að starfsmenn embættis sérstaks saksóknara hafi með stórfelldu gáleysi eða af ásetningi valdið ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu stefnanda með þeirri ákvörðun að gefa út ákæru á hendur honum eða í tengslum við rannsókn málsins eða vegna eftirfarandi sakamárameðferðar. Verður stefnandi sem fyrir að bera halla af þeim sönnunarskorti. Þá verður ekki séð að stefndi geti borið ábyrgð á umfjöllun fjölmiðla um framangreint sakamál.

136 Rétt þykir að dæmd fjárhæð miskabóta, 750.000 krónur, beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. júlí 2021 til greiðsludags. Stefnandi krefst dráttarvaxta frá þeim degi, en þann 24. júlí 2021 var liðinn mánuður frá þingfestingu málsins.

#### *Um gjafsókn stefnanda*

137 Stefnanda var veitt gjafsóknarleyfi þann 29. apríl 2020. Samkvæmt gjafsóknarleyfinu tekur gjafsóknin ekki til kostnaðar sem til fellur vegna krafna sem byggjast á öðrum bótagrundvelli en 248. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Sú grein laganna tekur samkvæmt orðanna hljóðan eingöngu til bótakrafna sem hafðar eru uppi á grundvelli 246. gr. laganna, en þar er sem fyrir segir mælt fyrir um hlutlæga ábyrgð vegna tjóns að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Er bótaréttur samkvæmt 1. og 2. mgr. 246. gr. sem fyrir segir einskorðaður við þá sem sætt hafa aðgerðum samkvæmt IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2008, en mál þeirra verið fellt niður eða þeir sýknaðir með endanlegum dómi.

138 Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu ekki á því að stefndi beri hlutlæga ábyrgð á því tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir, sbr. 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, heldur á því að starfsmenn embættis sérstaks saksóknara hafi valdið honum tjóni með saknæmri og ólögmætri háttsemi sinni við rannsókn sakamáls, með ákvörðun um útgáfu ákæru á hendur honum og eftirfarandi sakamálemeðferð. Kröfur af þeim toga verða eins og áður segir ekki byggðar á ákvæðum 1. eða 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, heldur á sakarreglunni eða reglunni um vinnuveitandaábyrgð, sbr. og b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga að því er miska varðar.

139 Að því virtu og að öðru leyti með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan verður að telja að kröfur stefnanda í máli þessu falli utan þess bótagrundvallar sem fjallað er um í 248. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 246. gr. sömu laga, en slíkar kröfur voru

sem fyrr segir sérstaklega undanskildar í því gjafsóknarleyfi sem stefnandi fékk 29. apríl 2020 samkvæmt skýru orðalagi gjafsóknarleyfisins sjálfs.

140 Brestur þegar af þeirri ástæðu skilyrði til að fella þann kostnað sem stefnandi hefur haft af máli þessu undir það gjafsóknarleyfi, þar sem sá kostnaður sem stefnandi hefur haft af málinu er til kominn vegna krafna sem byggjast á öðrum bótagrundvelli en að framan greinir og getur þar af leiðandi ekki fallið undir gjafsóknarleyfið samkvæmt skýru orðalagi þess. Eru því ekki forsendur til að mæla svo fyrir í dómsorði að gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði eða til að ákvarða lögmanni hans sérstaka þóknun á þeim grundvelli að stefnandi njóti gjafsóknar í málinu.

*Um málskostnað o.fl.*

141 Aðstæður í máli þessu eru um margt sérstakar. Ekki er ástæða til að efast um að útgáfa ákæru og eftirfarandi meðferð sakamálsins fyrir dómstólum hafi reynst stefnanda þungbær eins og hann sjálfur segir og stutt er með gögnum málsins. Stefnandi var sem fyrr segir sýknaður með dómi Landsréttar [...] 2019 í máli nr. [...]. Voru þá liðin rúm tólf ár frá meintum brotum stefnanda og rúm átta ár frá því að hann var fyrst yfirheyrður vegna málsins.

142 Með hliðsjón af úrslitum málsins og því sem rakið er hér að framan, að virtum öllum atvikum málsins og með vísan til 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað í máli þessu, en stefndi hafði áður hafnað bótaskyldu sinni í málinu. Þykir hæfilegt að stefndi greiði stefnanda 3.000.000 króna í málskostnað. Hefur þá verið höfð hliðsjón af tímaskýrslu lögmanns stefnanda og tekið tillit til þess að stefnandi lagði út 450.000 krónur fyrir matsgerð hins dómkvadda matsmanns. Þá hefur sömuleiðis verið tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun lögmanns síns.

143 Af hálfu stefnanda flutti málið Gunnar Egill Egilsson lögmaður.

144 Af hálfu stefnda flutti málið Guðrún Sesselja Arnardóttir lögmaður.

145 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 750.000 krónur í miskabætur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 1. mgr. 9. gr. sömu laga, frá 25. júlí 2021 til greiðsludags.

Stefndi er sýkn af kröfu stefnanda um að hann verði dæmdur til að greiða honum

27.879.000 krónur vegna fjártjóns, sem stefnandi hafi hlotið af því að vera gert að sæta réttarstöðu sakbornings í sakamálarannsókn í máli nr. [...] og saksókn í kjölfarið í héraðsdómsmáli nr. S[...] og Landsréttarmáli nr. [...], með dráttarvöxtum frá 25. júlí 2021 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 3.000.000 króna í málskostnað.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson